

Ég, þú og við öll


Sögur og staðreyndir um jafnrétti

Kennsluleiðbeiningar

Kolbrún Anna Björnsdóttir

og

Fatima Hossaini



Ritstjóri: Aldís Yngvadóttir

Vefútgáfa 2014

Faglegur yfirllestur: Auður Magnús Auðardóttir félags- og kynjafræðingur, Gunnhildur Sigurhansdóttir kennari og kynjafræðingur og Ingólfur V. Gíslason félagsfræðingur

Námsgagnastofnun

Kópavogi

Málfarslestur: Ingólfur Steinsson

Hönnun og umbrot: Námsgagnastofnun

Teikningar: © 2014 Lára Garðarsdóttir

Um námsefnið

Þessu námsefni er ætlað að vera grundvöllur að umfjöllun og vinnu í tengslum við jafnréttismenntun í skólum. Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 falla jafnréttismál undir samfélagsgreinar. Að auki er jafnrétti einn af sex grunnþáttum menntunar og á því að vera samofið öllu skólastarfi. Jafnrétti er því ekki fag sem er hægt að kenna einu sinni í viku heldur miklu frekar lífsmáti eða lífsstíll. Brýnt er að vera vakandi og nýta þau tækifæri sem gefast til umræðna og þælinga. Um leið og eitthvað kemur upp eða spurningar vakna þarf að ræða, svara, útskýra, leiðrétta misskilning, uppræta fordóma o.s.frv.

Í efninu er talsvert fjallað um jafnrétti kynjanna. Þær aðferðir og hugtök sem nýtt eru til greiningar á kynjamisrétti eru líka vel nothæf til að öðlast skilning á annars konar misrétti. Jafnrétti og mannréttindi eru samofin og jafnréttismenntun er ein undirstaða lýðræðis og mannréttinda.

Kynjafræði, jafnrétti og femínismi eru hugtök sem mikilvægt er að fjalla um. Með því er ekki verið að stilla upp einum hópi fólks gegn öðrum heldur er sóst eftir jöfnum rétti allra, öllum til góðs. Það getur vissulega verið erfitt fyrir forréttindahóp að gefa eftir af forréttindum sínum, jafnvel þótt sá hópur sé lítið sem ekkert meðvitaður um þau. Það er erfitt að horfast í augu við óréttlæti og enn erfiðara að horfast í augu við að maður er sjálfur hluti af því kerfi sem viðheldur óréttlætinu.

Nemendabókin er hugsuð fyrir nemendur í efri bekkjum miðstigs. Með lestri bókarinnar er nemendum boðið í eins konar ferðalag þar sem þeir kynnast börnum og fólki frá ólíkum heimshornum. Á ferðalaginu safna nemendur ýmsum hugtökum í verkfærakistuna sína sem gagnast þeim í jafnréttisumræðunni og við samfélagsrýni. Í því sambandi gæti verið tilvalið að láta nemendur skrifa dagbók eða leiðarabók um námið/ferðalagið.

Umfjöllunarefni nemendabókar mætti skipta í þrjá megin flokka:

- Sagt frá ýmsum hetjum í baráttunni fyrir jafnrétti.
- Reynslusögur barna um víða veröld, bæði sannar og skáldaðar.
- Útskýringar á félagsfræðilegum hugtökum sem notuð eru til að skilja jafnréttismál.

Þar sem bæði börnin og hetjurnar í bókinni koma frá mismunandi stöðum í heiminum er upplagt að hafa heimskort við höndina og skoða staðina sem fjallað er um í leiðinni. Þeir sem búa svo vel að hafa aðgang að tölvu og skjávarpa geta nýtt sér margmiðlunarefni við kennsluna.

Í verkefnum er oft hvatt til umræðna. Brýnt er að forðast að umræðan snúist um „okkur“ og „hina“ – þ.e.a.s. að gjá myndist milli „okkar“ sem höfum mannréttindi tryggð í lögum og „hinna“ sem búa við fátækt og erfiðar aðstæður. Þetta mætti t.d. gera með því að nýta „hvað ef“-sagnfræði („hvað ef“ Ísland væri einangrað og erfitt væri að fá hingað ýmsar vörur, hér væri herstjórn, hér kynni enginn að lesa, o.s.frv.) Í kjölfarið er mikilvægt að ræða um það hver raunveruleg birtingarmynd misréttisins, sem rætt er um hverju sinni, er hérlendis. Þótt misréttið sé ekki nákvæmlega eins og í sögunum má yfirleitt finna einhvers konar hliðstæður í íslensku samfélagi.

Í þessum kennsluleiðbeiningum er ýmist stutt umfjöllun um hvern kafla nemendabókar eða nokkra skylda kafla. Síðan koma hugmyndir að verkefnum sem tengjast kaflanum eða köflunum þar sem reynt er að hafa fjölbreytni í fyrirrúmi. Loks er bent á heimildir sem tengjast efninu hverju sinni.

Í möppunni *Jafnrétti by Kolbrun Björnsdóttir* á YouTube er að finna efni sem mætti bæði nýta við kennsluna og eins ítarefni sem gæti verið áhugavert fyrir kennarana sjálfa. Þeir sem hafa ekki aðgang að slíkum tækjabúnaði eða eiga ekki kost á niðurhlaði ættu að geta nýtt sér útprentanir, bækur, fjölmiðla o.fl. Í samvinnu við bókasafnsfræðing er hægt að velja bækur sem falla að umræðuefni námsbókarinnar, til að lesa fyrir nemendur eða mæla með við þá.

Hafa ber í huga að í nemendahópnum gætu verið nemendur sem hafa upplifað réttindabrot á mjög áhrifaríkan hátt. Taka verður tillit til óska þeirra við vinnuna.

Heimildir

Kristín Dýrfjörð, Þórður Kristinsson og Berglind Rós Magnúsdóttir. (2013). *Jafnrétti: Grunnþáttur menntunar á öllum skólastigum*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun.

Hver er ég? Vangaveltur um sjálfið

Sjálfið er áhugavert viðfangsefni í heimspeki og sálfræði. Þar eru ýmsar kenningar um þroska og mótun sjálfins, meðvituð og ómeðvituð tengsl við sjálfsmynd og sjálfsþekkingu, hlutlæga og huglæga eiginleika þess og margt fleira áhugavert. Í texta nemendabókar er imprað á þeirri grunnhugmynd að sjálfið sé flókin vitsmunaleg hugsmíð og að sjálfið mótist af þroska og samskiptum við umhverfið.

Okkur höfundum, þótti mikilvægt að kynna þessa hugmynd fyrir nemendum til að vekja þau til umhugsunar um að þau verða fyrir áhrifum úr umhverfi sínu, að þau hafi hæfileika til að laga sig að aðstæðum en jafnframt að þau geti sjálf haft einhverja stjórn á eigin þroska og viðhorfi. Um leið má benda á að með auknum þroska kemur aukin ábyrgð; á hegðun og hugsun, orðum og gjörðum.

Hugmyndir að verkefnum

- Nemendur skrifa stuttar lýsingar á nokkrum mismunandi hliðum eigin sjálfs. Lýsingarnar ná aðallega til mismunandi hegðunar við mismunandi aðstæður. T.d.: Þegar ég er með vinum mínum ... (finnst mér miklu fleira fyndið, tala ég hærra, hreyfi ég mig meira). Þegar ég er heima ... (hvíli ég mig, get sagt foreldrum mínum ef ég er leið(ur), get ég verið pirruð/pirraður á litlu systur minni þótt mér þyki vænt um hana). Þegar ég er í skólanum ... (verð ég þreytt(ur) á að sitja lengi kyrr, reyni ég að rétta upp höndina þegar ég þarf að fá hjálp, finnst mér gaman að læra nýja hluti).
- Nemendur gera lista yfir þau mismunandi sjálf sem þeim dettur í hug. Þetta má vinna í litlum hópum.
- Nemendur leika lítinn leikþátt. A þarf að koma sömu upplýsingum til skila við þrenns konar mismunandi aðstæður: Heima, í skólanum og í vinahópi. Upplýsingarnar ættu að vera einfaldar og hver hluti er stuttur. Nemendur skiptast á að leika A. Æfingin felst í því að A fær að finna áhrif aðstæðna á samskiptin.

Heimildir

Ingibjörg Sverrisdóttir. (2010). *Að finna sjálfið, eða finna það upp. Viðmið um sjálfið í sálfræði og heimspeki*. Sótt af <http://skemman.is/handle/1946/6396>

Kristján Kristjánsson. (2010). *The Self and Its Emotions*. Cambridge University Press. New York.

Við og veröldin okkar

Til eru margar áhugaverðar leiðir til að byggja upp ábyrgðartilfinningu, samhygð og sjálfsþekkingu hjá börnum. Nokkrir íslenskir skólar hafa gert tilraunir með hugmyndafræði eins og *Uppeldi til ábyrgðar* (upphafsmaður: Diane Gossen) og Lífsmennt - Living Values (upphafsmenn: Brahma Kumaris, Diane Tillman og Diane Hsu). Fyrir þá sem vilja kynna sér þessar hugmyndir betur má benda á grein Guðlaugar Erlu Gunnarsdóttur og Magna Hjálmarssonar í Netlu um *Uppeldi til ábyrgðar* og heimasíðu leikskólans Álfaheiði þar sem fjallað er um Lífsmennt. Á heimasíðunni er einnig hlekkur á síðu Living Values-samtakanna.

Hugmyndir að verkefnum

- Leikinn *Ég er frábær eins og ég er* má finna á Leikjavefnum (www.leikjavefurinn.is). Þar er hann flokkaður sem *kynningarleikur* en hann á einnig vel við texta þessa kafla í nemendabókinni. Á síðunni er talað um að þátttakendur eigi að sitja en við mælum með að stólum sé sleppt – börnin sitja nógu mikið yfir daginn.
 - Lýsing á leiknum: Nemendur eru saman í hring. Stjórnandi (kennarinn) útskýrir leikinn og reglurnar og biður nemendur um að hugsa um nokkur atriði sem þeir telja að séu einstök við sig. Einu barni er boðið að byrja. Barnið fær rými í hópnum og nefnir eitt atriði sem það telur að eigi aðeins við um sig. Ef þetta atriði á við um fleiri í hópnum, færa þeir sig til barnsins og standa þétt upp við það. Barnið telur þá upp fleiri atriði þar til því tekst að standa eftir eitt. Þá fær næsta barn tækifæri til hins sama og þannig koll af kalli þar til allir hafa fengið að prófa.
- Ræðið hugtakið „grunnþarfir“. Hverjar eru þær og er hægt að aðgreina þær frá öðrum þörfum umfram þær? Sem dæmi telst hútaskjól til grunnþarfa en er sérherbergi líka grunnþörf?

Heimildir

Association for Living Values Education International. (1995–2013). *Living Values Education*. Sótt 24. september 2013 frá Living Values Education: <http://www.livingvalues.net/index.html>

Guðlaug Erla Gunnlaugsdóttir og Magni Hjálmarsson. (16. apríl 2007). *Uppeldi til ábyrgðar. Uppbygging sjálfsaga*. Sótt 24. september 2013 frá Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun: <http://netla.hi.is/greinar/2007/003/index.htm>

Helgi Grímsson. (2007). *Ég er frábær eins og ég er*. Sótt 24. september 2013 frá Leikjabankinn/Leikjavefurinn: <http://www.leikjavefurinn.is/index.php?f=leikur&n=285>

Leikskólinn Álfaheiði. (án dags.). *Námsefni Lífsmennt – Living Values*. Sótt 24. september 2013 frá Álfaheiði: <http://alfaheidi.kopavogur.is/um-skolann/namid/lifsmennt/>

Af hverju þurfum við að læra um jafnrétti?

Staða Íslands

Árið 2012 var Ísland í fyrsta sæti á lista World Economic Forum yfir jafnrétti kynjanna í mikilvægum málaflokkum. Norðurlandþjóðirnar skipta efstu sætunum á milli sín; Finnland í öðru sæti, Noregur í því þriðja, Svíþjóð í fjórða og svo Danmörk í sjöunda sæti.

Samkvæmt þessum lista hefur 80% jafnrétti verið náð á Íslandi. En hvað svo? Eru 80% leiðarinnar nóg? Ef hér væri um keppni í sjósundi að ræða væri spurningin: Hættum við að synda þegar við erum búin með 80% leiðarinnar og vonumst til að straumurinn beri okkur að ströndinni?

Við eigum töluverðan spotta eftir í land ennþá þó mikið hafi gerst núna á allra síðustu árum og margt áunnist. Nýjar rannsóknir, m.a. rannsókn Andreu Hjálmsdóttur, sýna fram á það að íhaldssöm viðhorf til jafnréttismála hafa aukist mjög meðal ungs fólks á síðustu árum. Þetta bakslag í jafnréttisbaráttunni þarf að taka alvarlega og skoða vel hvers vegna ungmenni hafa eins íhaldssöm viðhorf og kannanir virðast sýna.

Þá er óútskýrður launamunur kynjanna ennþá töluverður og bilið virðist aukast eftir því sem launin verða hærri. Þó svo að konur séu í meirihluta þeirra sem ljúka framhaldsmenntun (framhalds- og/eða háskólastigi) virðist menntunin ekki ná að skila þeim atvinnu eða launum í samræmi við hana. Þetta eru aðeins nokkur af ótal mörgum mikilvægum verkefnum sem við þurfum að kljást við á síðustu metrunum í land.

Sagnfræðilegar kenningar um kynjamisrétti

Carol M. Worthman setti fram þá kenningu að í fornum samfélögum safnara og veiðimanna hafi verið jafnréði milli kynjanna. Valdajafnvægið hafi hins vegar tekið að breytast smám saman við landbúnaðarbyltinguna. Verkaskipting er þar ein megin ástæða fyrir breyttum kynhlutverkum og valdajafnvægi milli kynjanna.

Samkvæmt kenningu Friedrich Engels, var það við tilkomu plógsins sem hlutverkaskiptingin varð í grunninn sú sem hefur haldist alla tíð síðan. Þar sem líkamlegur styrkur skipti nú öllu fyrir lífsafkomuna kom það í hlut karla að stýra plógnum en kvenna að sinna verkum innan heimilisins sem varð þeirra svæði sökum barneigna.

Eftir því sem samfélögin stækkuðu fóru yfirráð eigna að skipta meira máli og þar sem svæði karla var úti við lá beinast við að eignarrétturinn yrði þeirra. Því segir Friedrich Engels að misskipting valds milli kynjanna hafi komið til vegna stofnanavæðingar eignarréttis í samfélaginu.

Smám saman varð valdaleysi kvenna hluti af trúar- og samfélagslegu kynhlutverki þeirra. Á hverju ári eru tugþúsundir kvenna beittar misrétti vegna trúarbragða, hefða eða venja samfélaganna sem þær búa í. Samkvæmt skýrslu Sameinuðu þjóðanna frá árinu 2000 eru meira en 5000 konur myrtar á hverju ári vegna þess að þær þykja á einhvern hátt hafa stigið yfir þessi mörk.

Hugmyndir að verkefnum

- Hér mætti hugsa sér að skipta nemendahópnum í umræðuhópa þar sem rætt er um mannréttindi; hvað eru mannréttindi, hvað eru brot á mannréttindum, af hverju skiptir máli að þekkja rétt sinn, geta allir verið jafnir, þýðir jafnrétti að allir séu nákvæmlega eins, hversu langt ná réttindi hvers og eins?
- Í kaflanum í nemendabók er sagt frá *Dýrabæ* eftir George Orwell. Lesa mætti alla bókina eða valda kafla fyrir hópinn. Eins væri hægt að horfa á teiknimynd sem byggð er á bókinni (alla eða að hluta).

Teiknimyndina má finna á youtube.com. Tímakóðinn fyrir setninguna sem vitnað er í í nemendabók er: 1:06:41. Myndin er númer 44 í möppunni *Jafnrétti Kolbrun Bjornsdottir* á YouTube. Slóðin er: <http://www.youtube.com/watch?v=ClaNnaMgbFO&noredirect=1>

Heimildir

- Alesina, A., Giuliano, P., Nunn, N. (2012). *On the Origins of Gender Roles: Women and the plough*. Sótt 20. mars 2013 frá UCLA: http://www.anderson.ucla.edu/faculty/paola.giuliano/NBER_WP17098.pdf
- Andrea Hjálmsdóttir. (30. janúar 2013) *Karlar í dómarasætum? Hugmyndir unglunga um jafnrétti*. 30.01.13. Sótt 4. febrúar 2013 frá Vefsíónvarp Háskólans á Akureyri: <http://www.unak.is/vefvarp?r=107c0499-3f60-4708-bb99-a4f646df4bbe&page=2>
- Arjunpuri, C. (27. desember 2012). *'Honour killings' bring dishonour to India*. Sótt 20. mars 2013 frá Aljazeera: <http://www.aljazeera.com/indepth/features/2012/12/2012121614107670788.html>
- Berglind Eir Magnúsdóttir, Bryndís E. Jóhannsdóttir, Sigríður Ómarsdóttir. (2007). *Menntun kvenna og staða í þjóðfélaginu. Ísland á Evrópumet í launamun kynjanna*. Sótt 9. mars 2013 frá: <http://utkonur.files.wordpress.com/2007/06/mennt-stada-studbi070515.pdf>
- Engels, F. (1884). *Uppruni fjölskyldunnar, einkaeignarinnar og ríkisins*. (Einar Olgeirsson, þýðandi). Reykjavík: Réttur: tímarit um þjóðfélagsmál.
- Orwell, G. (1945). *Dýrabær*. (Jón Sigurðsson, þýðandi) Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Schwab, K. (2012). *The Global Gender Gap Report 2012*. Sótt 9. mars 2013 frá World Economic Forum: <http://reports.weforum.org/global-gender-gap-report-2012/>
- Worthman, C. M. (2010). The Ecology of Human Development: Evolving Models for Cultural Psychology. Sótt 9. mars 2013 frá *Journal of Cross-Cultural Psychology*. <http://jcc.sagepub.com/content/early/2010/03/03/0022022110362627>.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna var lögfestur á Íslandi þann 20. febrúar 2013. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er alþjóðlegur samningur sem felur í sér viðurkenningu á því að börn þurfi sérstaka vernd umfram fullorðna og jafnframt að þau njóti fullgildra réttinda sem sjálfstæðir einstaklingar óháð hinum fullorðnu. Í Barnasáttmálanum er fjallað um ýmis mikilvæg réttindi barna og er hann mikilvægur grunnur að jafnréttisumræðu með börnum. Sáttmálann og ýmis verkefni tengd honum má nálgast á slóðinni www.barnasattmali.is.

Það sem er kannski sérstaklega mikilvægt fyrir íslensk börn að læra er annars vegar munurinn á réttindum og forréttindum, og hins vegar að réttindum fylgir sú skylda að virða sömu réttindi annarra.

Kynning á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og umræður um hann eru mikilvægur grunnur að jafnréttisvinnunni enda getur hann opnað augu barnanna bæði fyrir réttindum sínum og fyrir því að ekki njóti allir þessara sömu réttinda.

Hugmyndir að verkefnum

- Fyrir utan tölvuleikinn *Réttindaeyjan*, má finna ótal kennsluhugmyndir á síðunni www.barnasattmali.is. Vinna með sáttmálann býður upp á ýmsa möguleika; t.d. mætti brjóta upp skólastarf með mannréttindadegi eða -viku og jafnvel skipuleggja starfið út frá fjölgreindakenningu Gardners (sjá „fjölgreindaleika“).
- Þá mætti sækja innblástur í nokkrar ljósmyndaraðir sem finna má á netinu (sjá heimildaskrá í lok kaflans):

„Where Children Sleep“ eftir James Mollison

„Hungry Planet: What the World Eats“ eftir Peter Menzel og Faith D’Alusio

„Material World: A Global Family Portrait“ eftir Peter Menzel

Búa mætti til sögur um börnin á myndunum, velja fyrir sér hvort einhver mannréttindi séu brotin á þeim eða búa til eigin ljósmyndaraðir (ljósmyndir, teikningar eða klippimyndir).

- Reglulega birtast litlir ramar frá Barnaheillum í dagblöðunum. Í þeim eru upplýsingar varðandi mannréttindi barna. Þessum römmum mætti safna í einhvern tíma og ræða svo um hvernig þeir tengjast barnasáttmálanum og lífi nemenda. (Dæmi: Vissir þú að ... ofbeldisfullir tölvuleikir hafa áhrif á börn. Fréttablaðið, 23. maí 2013.)

Heimildir

Fjölgreindakenning Gardners og flokkun verkefna. (án dags.). Sótt 20. febrúar 2013 frá Gullkistan. Heimánám við hæfi.: <http://vefir.nams.is/gullkistan/forsida/kennning.htm>

Margrét Júlía Rafnsdóttir og Ólöf Magnúsdóttir. (án dags.). *Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna. Vefur um réttindi barna, fyrir börn, unglunga og fullorðna.* (Aldís Yngvadóttir o.f.l., ritstjórar) Sótt 20. febrúar 2013 frá <http://www.barnasattmali.is/>

Popova, M. (án dags.). *Material World: A Portrait of the World's Possessions.* Sótt 20. febrúar 2013 frá Brain Pickings: <http://www.brainpickings.org/index.php/2011/04/08/material-world-peter-menzel/>

Popova, M. (án dags.). *Where Children Sleep: James Mollison's Poignant Photographs.* Sótt 20. febrúar 2013 frá Brain Pickings: <http://www.brainpickings.org/index.php/2011/08/08/where-children-sleep-james-mollison/>

Zareva, T. (án dags.). *Hungry Planet: How the World Eats, or Doesn't.* Sótt 20. febrúar 2013 frá Brain Pickings: <http://www.brainpickings.org/index.php/2009/03/10/hungry-planet/>

Eðlis- og tvíhyggja – Hvað er kyn?

Þegar talað er um kyn er yfirleitt átt við líffræðilegt kyn sem ákvarðast af litningum, hormónum og kynfærum. Líffræðilegt kyn er ekki það sama og félagsfræðilegt kyn eða kyngervi. Kyngervi mótast af samfélaginu og þeim félagslegu aðstæðum sem einstaklingurinn elst upp við. Auk líffræðilegs kyns og kyngervis er talað um kynhneigð. Vísindamenn eru ekki á eitt sáttir um hvort eða hvernig kynhneigð tengist líffræðilegum eða félagslegum þáttum en helst er horft til samverkunar líffræðilegra, félagslegra og sálfræðilegra þátta. Rannsókn Alfreds Kinsey á kynhneigð fólks sýndi fram á að það væri einfaldlega ekki hægt að stilla upp gagnkynhneigð og samkynhneigð sem tveimur ósættanlegum pólum. Við rannsóknina var beitt sjö þrepa skala milli *algjörar samkynhneigðar* og *algjörar gagnkynhneigðar* en stærsti hluti úrtaksins lenti í þrepunum þar á milli enda um flókna og margslungna fléttu kynhegðunar, kynvitundar og kynlangana að ræða. Ástæður kynhneigðar skipta litlu máli enda ætti áherslan að vera á mikilvægi þess að allir njóti virðingar óháð kynhneigð.

Samkvæmt skilgreiningu Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar á hugtakið „kyn“ við um líffræðileg og líkamleg einkenni kvenna og karla. Hugtakið „kyngervi“ á hinsvegar við um félagslega mótuð hlutverk, hegðun, atferli og einkenni sem hverju samfélagi þykir hæfa konum eða körlum.

Hvað er eðli?

Hugmyndir um eðlismun á kynjunum hafa lengi lifað góðu lífi og ýmsar leiðir farnar til að sýna fram á þennan meinta mun.

Á 17. öld lýsti franskur heimspekingurinn Nicolas Malebranche því yfir að konum væri ómögulegt að brjóta heilann of mikið um erfið viðfangsefni einfaldlega vegna þess að „heilapræðir“ þeirra væru of viðkvæmir. Gegnum aldirnar hafa ýmsar mælingar á höfuðkúpum, höfuðlagi, rúmmáli höfuðkúpna og þyngd heila átt að sýna fram á eðlislæga undirgefni og greindarskort kvenkyns. Þegar vísindamönnum var ljóst að líklega væri stærðarmunur heila og höfuðkúpu í beinum tengslum við líkamsstærð almennt, var tekið til þess ráðs að leita skýringa á eðlismun kynjanna í hlutföllum milli stærða líkamshluta. Öfgafyllsta dæmi þessa er líklega það að hlutföll milli stærðar lærleggs og þyngdar heila áttu að sanna eðlismun kynjanna.

Á 20. öld voru það sálfræðirannsóknir og svo síðar heilaskönn sem fengu (og fá enn) að njóta almennrar hylli sem sönnun þess að konur og karlar séu ólík í eðli sínu.

Samkvæmt eðlishyggjukeningum eru:

Konur:

tilfinninganæmar, háðar öðrum, ekki virkar, hljóðlátar, þokkafullar, saklausar, eiga auðvelt með að lesa í tilfinningar annarra, hafa meðfædda tilhneigingu til að annast aðra og vinna handavinnu.

Karlar:

sjálfstæðir, tilfinningalega vanþroskaðir, virkir, harðir af sér, sækja í samkeppni, hafa meðfædda rýmisgreind og skilning á vélum.

Hvor listinn ætli lýsi betur sterkum einstaklingi á vinnumarkaði og hvor einstaklingi sem ætti helst að halda sig heima og sinna börnum og búí?

Þessar kenningar byggja á mjög hæpnum grunni og höfða til vinsælla viðhorfa um eðli og hlutverk kynjanna meðal almennings og til þess að viðhalda ríkjandi gildum. Gildin má hins vegar rekja langt aftur í fornöld.

Forn-Grikkir skiptu heiminum í tvennt, í hið kvenlega og hið karlmannlega; karl/kona, sál/líkami, menning/náttúra, skynsemi/tilfinningar, ljós/myrkur, gott/slæmt. Þessi heimssýn er kölluð tvíhyggja og er

samofin eðlishyggjunni. Samkvæmt eðlis- og tvíhyggju tákna það að karlmaður eigi í eðli sínu að vera eitt, að kona sé þá óumflýjanlega andstæða þess í eðli sínu. Forn-Grikkir notuðu eðlishyggjuhugmyndir til að réttlæta samfélagsgerð sína, þar sem fámenn valdastétt undirokaði aðra samfélagshópa, og upphafja eigin þjóð á kostnað annarra. Þetta er okkar evrópski, menningarlegi arfur og hefur sett mark sitt á samfélagið sem við búum í. Eðlishyggjan hefur verið notuð á sama hátt frá tíð Forn-Grikkja og má sjá hana skína gegnum nýlendustefnu, þrælahald og tilraunir til útrýmingar heilla þjóða.

Þessi arfleifð litar hegðun okkar hvort sem við erum meðvituð um það eða ekki. Við höfum tilhneigingu til að máta okkur og aðra við þessar gömlu hugmyndir um eðli kynjanna og alhæfa út frá því, t.d. um hegðun, getu og áhugasvið. Sem kennarar þurfum við að varast alhæfingar um eðli og hlutverk kynjanna, gæta að kynjuðu orðavali og velta vel fyrir okkur hvernig mismunandi væntingar til hvors kyns hafa áhrif á skólastarfið.



„Hvort er þetta strákur eða stelpa?“ spurði ég ungu móðurina. Hún leit á mig, örlítið hneyksluð, og svaraði: „Sérðu ekki að hann er með bláa snuddu?“

Eitt það fyrsta sem spurt er um þegar barn fæðist er kyn þess. Kynið er það fyrsta sem notað er til að einkenna okkur, aðgreina okkur frá öðrum ungbörnum. Nafnið og fötin eru svo valin í samræmi við kynið.

Eðlis- og tvíhyggja í skólastofunni

Skáldsagnapersónur J. K. Rowling, þau Harry og Hermione, eru afskaplega skemmtilegar sögupersónur og eflaust eru margir sem vilja taka sér þau til fyrirmyndar á margan hátt. Þau eru samt bæði afsprengi eðlis- og tvíhyggjuhugmynda um kynin og eiginleika þeirra. Þetta á sérstaklega við um kvikmyndirnar um þau vinina.

Harry fæddist með náðargáfu. Hann þarf lítið að hafa fyrir því að læra að galdra – hann bara kann það og oftast miklu betur en allir hinir nemendurnir. Harry á dálítið erfitt með að sýna tilfinningar sínar þó að honum þyki óstjórnlega vænt um vini sína. Af árangri hans í Quidditch má sjá hversu mikla rýmisgreind hann hefur. Hann sækir líka í samkeppni (eða samkeppnin leitar hann uppi) og stendur oftast uppi sem sigurvegarinn (ef Voldemort nær ekki að skemma fyrir honum), enda er hann afskaplega harður af sér. Harry þarf sjaldan að læra – hann er samt bestur. Hann er nefnilega snillingur.

Hermione er rosalega dugleg. Hún er ekki fædd inn í samfélag galdramanna en er bara nokkuð fær með sprotann. Hún er samt ekki neinn snillingur á sama hátt og Harry því hún þarf að hafa fyrir hlutunum, lærir samviskusamlega heima og er með allt að 200% mætingu í tíma. Þó hún sé vinsæl persóna er hún alltaf í öðru sæti á eftir Harry. Hún er honum svo holl og góð vinkona að hún er tilbúin að fórnalla öllu fyrir hann. Henni er líka í blóð borið að annast hann og getur lesið í tilfinningar hans.

Eins og áður sagði geta hugmyndir um eðli kynjanna litað viðhorf okkar og væntingar til nemenda. Eins og sjá má á lýsingum á sögupersónunum Harry Potter og Hermione Granger eru eiginleikar hvors þeirra samhljóma listunum yfir „eðliseiginleika“ karla og kvenna. Samskonar sjálfsmynd og viðhorf má lesa úr gögnum um íslensk skólabörn.

Við sjálfsmat á námi virðast drengir hafa tilhneigingu til að ofmeta árangur sinn á meðan stúlkur vanmeta hann. Af þessu mætti draga þá ályktun að almennt viðhorf til kynjanna í skólastarfi séu þau að nám (vitneskja/menning) sé karlkyninu eðlislæg en að kvenkynið þurfi að leggja sig fram við námið. Dugnaður þykir hins vegar vera eðlislægur kvenkyninu. Rannsóknir sýna þó fram á að viðhorf og reynd fara ekki saman því þótt sjálfstraust stúlkna sé að meðaltali minna á Íslandi er námsárangur þeirra betri en drengja. Sjálfstraust drengja er að meðaltali meira en námsárangur þeirra er síðri en stúlkanna. Að

sjálfsögðu ber að varast að falla í þá gryfju að túlka rannsóknarniðurstöður á þann veg að allar stúlkur séu eins og öðruvísi en allir drengir hvað námsárangur varðar. Það er þó áhugavert að skoða þessar niðurstöður í tengslum við ríkjandi staðalímyndir kynjanna sem stöðugt er varpað fram í miðlum, af þeim fullorðnu og meira að segja nemendum sjálfum.

Ef við ætlum að ná fram kynjajafnrétti verðum við að gæta þess að alhæfa ekki um eðli eða hlutverk kynjanna; huga að kynjaðri orðræðu; og gæta okkar á að hafa ekki mismunandi væntingar til hvors kyns í skólstarfinu.

Hvað er félagsmótun?

Rannsóknir sýna alltaf betur og betur fram á það að líffræðilegt kyn hefur afskaplega lítið með hegðun og hugsanir að gera. Félagsmótunin, eða kyngervismótunin, byrjar um leið og við fæðumst og heldur áfram alla ævi. Kyngervismótandi skilaboð dynja á okkur úr öllum áttum, úr miðlum eins og sjónvarpi, útvarpi og blöðum en líka á lúmskari hátt – úr hinu sagða og ósagða, orðræðu, hegðun og væntingum. Smám saman verða þessar hugmyndir hluti af norminu, því sem þykir sjálfsagt og eðlilegt. Mótuð og meitluð kynhlutverk og ábyrgðin sem þeim fylgir eru orðin hluti af innviðum samfélagsins, menntakerfisins, stjórn mála- og fjárhagskerfi og síðast en ekki síst trúarlegum stofnunum þess.

Kyngervismótunin er alls ekki eins fyrir alla af sama kyni heldur skipta aðrar breytur líka máli, eins og kynhneigð, aldur, stétt, heilsa, staða innan samfélags, þjóðerni, búseta og trú. Þannig getur kyngervi íslenskrar konu verið gjörólíkt kyngervi indverskrar konu því hugmyndir hvors samfélags um kvenleika eru ólíkar.

Fyrirmyndir skipta miklu máli við kyngervismótun og það sama má segja um skort á fyrirmyndum. Skortur á fyrirmyndum er alvarlegt vandamál fyrir alla jaðarhópa. Í því samhengi verður kvenkynið að teljast jaðarhópur.



Samkvæmt gamalli hefð í afgönsku þorpi er skotið af byssu þegar strákur fæðist en sigti hengt upp ofan við útidyrnar þegar stúlka fæðist. Byssan er tákn karlmannsins, heiðurs og verndar. Sigtíð er tákn konunnar og húsverkanna sem henni eru ætluð. (Mynd: Tahera Hossaini)

Aðeins um bleika og bláa kassa – Sagan um bleikt og blátt / Tvískiptur heimur / Karlmannlegir háir hælur / Barnaföt á fyrri öldum

Hugmyndir að verkefnum

- Skoðið ljósmyndaröð Jeong Mee Yoon *The Pink and Blue Projects*. Myndirnar má finna á síðu listakonunnar: http://www.jeongmeeyoon.com/aw_pinkblue.htm
- Skoðið leikfangabæklinga og auglýsingar og kannið hvort ykkur þykir kynjaskiptingin augljós. Í kjölfarið væri hægt að búa til klippimyndaverk í anda ljósmynda Jeong Mee Yoon úr myndunum í bæklingunum.
- Í möppunni *Jafnrétti Kolbrun Björnsdóttir* á YouTube eru þrjú myndbönd um fatnað og snyrtivörur (nr. 67, 68 og 69). Myndband nr. 67 er tilvalið til að sýna nemendum þar sem það er stutt og reynir ekki mikið á enskukunnáttu þeirra. Myndband nr. 68 er skólaverkefni og því ágætis fyrirmynd að svipuðu verkefni ef tími leyfir. Myndband nr. 69 er skemmtilegur fyrirlestur sem hentar best sem ítarefni fyrir kennarann.
- Biðja mætti foreldra að skoða afmælisgjafir milli barnanna í bekknum með kynjagleraugum. Er samkomulag um ákveðna upphæð sem keypt er fyrir? Er munur á gjöfum til stelpna og stráka? Er einhver lausn á mismunun ef hún er til staðar?

Heimildir

Baumgarten, L. (1988). *Fashions of Motherhood*. Sótt 17. september 2013 frá Colonial Williamsburg: <http://www.history.org/history/clothing/women/motherhood.cfm>

Kremer, W. (25. janúar 2013). *Why Did Men Stop Wearing High Heels?* Sótt 8. september 2013 frá BBC World Service: <http://www.bbc.co.uk/news/magazine-21151350>

Magiaty, J. (8. apríl 2011). *When Did Girls Start Wearing Pink?* Sótt 17. september 2013 frá Smithsonian.com: <http://www.smithsonianmag.com/arts-culture/When-Did-Girls-Start-Wearing-Pink.html?c=y&story=fullstory>

Staðalímyndir

Staðalímyndir kynjanna sýna hvaða hlutverk þykir hæfa hvoru kyni. Þær eru nátengdar hugmyndunum um eðli en eru í raun félagsmótandi. Staðalímyndir gegna þar af leiðandi oft því hlutverki að viðhalda vítahring eðlishyggjuhugmynda sem erfitt reynist að rjúfa.

Staðalímyndir geta verið mjög skaðlegar – bæði fyrir einstaklinga og samfélagið í heild. Þær viðhalda ríkjandi ástandi, ýta undir útskúfanir, hræðslu og tortryggni gagnvart einstaklingum og jaðarhópum sem ekki uppfylla skilyrði staðalímyndarinnar og eins staðalímynduðum óvinum normsins. Normið á evrópsku menningarsvæði er vel stæður, miðaldra, hvítur karlmaður og svo konan hans.

Staðalímyndir hefta okkur – loka okkur inni í kassa sem passar okkur misvel og stundum alls ekki. Þær verða líka til þess að við reynum að aðlaga okkur kassanum okkar og leitum síður út fyrir hann.

Nemendahópur í grunnskóla er ákaflega fjölbreyttur og við verðum að gæta þess að engum detti í hug að troða þeim í staðlaða kassa – ekki einu sinni þeim sjálfum.

Hugmyndir að verkefnum

- Gerið í sameiningu tvo lista á töfluna eða á stórt blað. Annan listann merkið þið „konur“ og hinn „karlar“. Biðjið nemendur um að telja upp þau lýsingarorð sem oft eru notuð til að lýsa „eðliseiginleikum“ karla annars vegar og kvenna hins vegar. Skráið orðin á listana. Athugið hvort einhver orð eru á báðum listum og eins hvort einhver orðanna eru andstæðupör.
- Í kjölfarið mætti athuga hvort þekktar sögupersónur falla að staðalímyndinni um eðli kvenna eða karla. Sögupersónurnar geta t.d. verið úr bókum, kvikmyndum, sjónvarpsþáttaröðum eða teiknimyndum. Þá mætti reyna sérstaklega að finna sögupersónu sem fellur *ekki* að staðalímyndinni.
- Einnig mætti hugsa sér þetta sem hópverkefni. Nemendum væri þá skipt í fimm manna hópa og hver hópur beðinn að teikna á stórt blað karl og konu sem hefðu vissa „eðliseiginleika“. Hóparnir skrifi einnig lýsingarorðin inn á myndina yfir þá eiginleika sem þeim dettur í hug. Hópar kynna niðurstöður.
- Ræðið muninn á líffræðilegum kynjamun og kyngervi. Dæmi um líffræðilegan kynjamun eru: Konur fá blæðingar en karlar ekki; Karlar eru með eistu en konur ekki; Brjóst kvenna geta framleitt mjólk en það geta brjóst karla yfirleitt ekki (örfá undantekningartilfelli þekkjast). Dæmi um kyngervismun eru: Konur geta lesið í tilfinningar en karlar ekki (kynjunum eignaðir eðliseiginleikar sem eru sannanlega ekki til staðar); Karlar eru góðir í stærðfræði en konur ekki (kynjunum eignaðir eðliseiginleikar); Konur fá lægri laun en karlar (samfélagslegur munur).
- Hvaða staðalímyndir þekkjum við um kynin og eiginleika þeirra? Staðalímyndaleit gæti farið fram í samræðum, með gerð lista, með myndaleit í blöðum og bókum, gegnum viðtöl við aðra nemendur eða starfsfólk skólans. Niðurstöður rannsóknar mætti birta með skapandi hætti t.d. gegnum myndverk, stuttmynd, leikrit, dans eða hljóðverk.
- Greinarnar af *Vísindavefnum* (sjá heimildir) gætu hentað vel sem ítarefni.
- Við val á bókum, bæði til að lesa fyrir nemendur og eins fyrir þá sjálfa að lesa, mætti finna bækur sem hræra aðeins í viðteknum staðalímyndum. Margar bækur íslenskra höfunda snúa þessum hugmyndum á hvolf. Af áhugaverðum erlendum bókum sem einnig hafa verið kvikmyndaðar má nefna *Coraline* eftir Neil Gaiman og *A Series of Unfortunate Events* eftir Lemony Snicket. *Coraline* er til á íslensku og fyrstu fjórar bækurnar úr bókaflöknum eftir Lemony Snicket hafa verið þýddar. Ef til vill mætti stilla bókum af þessum toga upp á skólabókasafninu í samvinnu við bókasafnsfræðing. Stiklur myndanna má finna í möppunni *Jafnrétti Kolbrun Björnsdóttir* á YouTube og eru númer 15 og 16.

Heimildir

- Ásta Kristjana Sveinsdóttir. (3.11.2000). „Er í alvöru til eitthvað sem heitir eðli, hjá mannfólki og sem munur á milli kynjanna?“ Sótt 27. september 2013 frá *Vísindavefurinn*: <http://visindavefur.is/?id=1078>.
- Carothers, B. J., Reis, H. T. (1. febrúar 2013). *Men Are from Mars Earth, Women Are from Venus Earth*. Sótt 20. febrúar 2013 frá University of Rochester: <http://rochester.edu/news/show.php?id=5382>
- Ester Ósk Hilmarsdóttir. (27. febrúar 2013). *Strákar gera en stelpur eru: Kynjaskipting og markaðssetning eftir kyni í útgáfu barnabóka*. Sótt 27. febrúar 2013 frá Knuz.is: <http://knuz.is/2013/02/27/strakar-gera-en-stelpur-eru-kynjaskipting-og-markadssetning-eftir-kyni-i-utgafu-barnaboka/#comment-1325>
- Fine, C. (2010). *Delusions of Gender. How Our Minds, Society, and Neurosexism Create Difference*. New York: W.W. Norton & Company.
- Geir Þ. Þórarinnsson. (12.5.2009). „Hvaða álit hafði Aristóteles á konum?“ Sótt 27. september 2013 frá *Vísindavefurinn*: <http://visindavefur.is/?id=51767>
- Rivers, C. (14. júní 2012). *6 Ways You Can Avoid Gender Stereotypes of Your Kids*. Sótt 28. febrúar 2013 frá BlogHer-Life well said: <http://www.blogher.com/six-ways-parents-can-avoid-toxic-effects-gender-stereotypes-their-children?page=full>
- Rowling, J.K. (1997–2007). *Harry Potter 1–7*. Bækur og kvikmyndir.
- Sigríður Þorgeirsdóttir (20.12.2002). „Hverjar eru hugmyndir Platons um eðli og hlutverk karla og kvenna?“ Sótt 27. september 2013 frá *Vísindavefurinn*: <http://visindavefur.is/?id=2974>
- World Health Organization. (e.d.). *Gender, women and health. What do we mean by “sex” and “gender”?* Sótt 20. febrúar 2013 frá World Health Organization: <http://www.who.int/gender/whatisgender/en/>
- Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir o.fl. (2011). *Skýrsla starfshóps um námsárangur drengja*. Sótt 15. apríl frá Reykjavíkurborg, Skóla- og frístundasvið: http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/skola_og_fristundasvid/skyrslur/Starfshopurumnamsvandadrengra_2011.pdf
- Þorgerður Þorvaldsdóttir. „Hvers vegna er fólk samkynhneigt? Er það aðferð náttúrunnar til að halda fólksfjölda í skefjum?“ Sótt 5.12.2013 frá *Vísindavefurinn* 25.10.2000. <http://visindavefur.is/?id=1039>.
- Þorgerður Þorvaldsdóttir. (3.11.2000). „Er í alvöru til eitthvað sem heitir eðli, hjá mannfólki og sem munur á milli kynjanna?“ Sótt 27. september 2013 frá *Vísindavefurinn*: <http://visindavefur.is/?id=1084>.

Miðlar og áhrif þeirra – Geena Davis / Staðalímyndir í afþreyingarefni

Niðurstöður rannsókna sem m.a. eru birtar á heimasíðu samtaka Geenu Davis sýna að breytinga er þörf í afþreyingariðnaðinum. Áhorfendur, sérstaklega barnungir áhorfendur, verða fyrir áhrifum af þeim skilaboðum sem þeir fá úr miðlum. Birtingarmynd kvenkyns persóna í sjónvarpi og kvikmyndum gefur mjög skakka mynd af hæfni og áhugasviði, réttindum og tækifærum kvenna í raunheimi. Sá hópur áhorfenda sem notar þessa miðla hvað mest og verður þar af leiðandi fyrir mestum áhrifum þeirra, sýnir marktækt meiri kyngervisfordóma (sexism) en þeir sem nota miðlana minna. Það er ekki ólíklegt að fólk, og þá sérstaklega þau börn sem alast upp við þessa miðla, fari að draga þá ályktun að sögur kvenkyns persóna séu minna virði en sögur karlkyns persóna.

Sjónvarpið hefur frá upphafi fyrst og fremst verið miðill hins hvíta, miðaldra, gagnkynhneigða, miðstéttar karlmanns og endurspeglar heimsmynd þar sem hann er allsráðandi. Börn og aldraðir sjást sjaldan á skjánum, fólk af öðrum litarhætti, kynhneigð, trú eða stétt er í áberandi miklum minnihluta og eru þessir hópar yfirleitt hafðir í aukahlutverkum.

Birtingarmynd kvenpersóna í nýmiðlum gefur tilefni til að ætla að konur séu aðeins um 30% mannkyns; væru flestar á aldrinum 21–39 ára; og hefðu takmarkaðan smekk, rétt, áhugasvið, getu og tækifæri í lífinu. Þær eru líka gjarnan „ofur-kynþokkavæddar“ (hypersexualized) en með því er átt við að þær eru láttnar uppfylla staðlaða fegurðarímynd og leggja áherslu á kynþokka með klæðaburði (eða klæðaleyssi). Kvenpersónur eru líka yfirleitt skilgreindar út frá sambandi sínu við karlpersónurnar en ekki út frá t.d. atvinnu sinni eða hæfileikum eins og á yfirleitt við um karlpersónur. Kvenpersónum er þannig oft troðið í tvívið, stöðluð kyngervishlutverk sem greina má í þrjá flokka: *Meyjan, óspjölluð og saklaus; móðirin eða maddonnan* og *svo hóran, lauslát og syndug*. Þessi kyngervishlutverk eru vel þekkt úr menningarsögunni. Þetta á við um allar tegundir (e. genre) efnis í miðlunum. Barnaefni er engin undantekning þar á.

Það er líka áhyggjuefni hversu oft kvenpersónur eru aðeins nýttar sem hlutgerðar stiklur í framvindu söguþráðar karlpersóna. Þær birtast þá sem innantómar staðalímyndir eða auðþekkjanlegt bragð til að mynda spennu í söguþræði og jafnvel aðeins til þess að vekja samúð með karlpersónunni. Kannanir sem sýna marktæka aukningu kyngervisfordóma (sexism) stórnotenda nýmiðla ættu því ekki að koma neinum á óvart, né heldur það að skortur á og smættun kvenfyrirmynda geti leitt til þess að áhorfendur dragi þá ályktun að sögur kvenna séu minna virði en sögur karla.

Ofbeldi í sjónvarpsmiðlum er sérstaklega á skjön við raunverulegar, tölfræðilegar upplýsingar þar sem tíðni þess í miðlunum er miklu meiri en í raunheiminum. Í því efni þar sem ofbeldi er beitt eru allir hópar, aðrir en hvítir miðaldra karlmenn, líklegri til að vera í hlutverki þolenda. Ráðandi hópurinn er hins vegar líklegri til að vera sýndur í hlutverki þess sem beitir ofbeldinu. Ofbeldi er yfirleitt sýnt án nokkurra eftirmála, þ.e. án þess að afleiðingum þess sé fylgt eftir með tilheyrandi tilfinningalegri úrvinnslu og gegnir því líklega helst því hlutverki að sýna með táknrænum hætti fram á valdamynstur samfélagsins. Samkvæmt valdamynstrinu sem sjónvarps- og kvikmyndamiðlar hygla er hvíti, gagnkynhneigði karlmaðurinn í ráðandi stöðu gagnvart öllum öðrum samfélagshópum.

Sú karlmennskuímynd sem varpað er fram í miðlum er ekki síður áhyggjuefni, sérstaklega í ljósi þess að hún verður sífellt öfgafyllri. Við mótun þessarar ímyndar virðist skipta miklu máli að hafna öllu því sem samkvæmt hefðbundinni skilgreiningu myndi vera kallað kvenlegt. „Sannir karlmenn“ eiga því að bæla tilfinningar sínar, mega ekki sýna samúð eða samhyggð, þurfa að vera virkir og ákveðnir, jafnvel svolítið árásarhneigðir. Niðurstöður nýlegra rannsókna virðast benda til þess að aukið þunglyndi, einangrun, kvenfyrirlitning og ofbeldishneigð séu afleiðingar þessa „karlmennsku“-uppeldis. Margir þeirra sem hafa rannsakað áhrif og afleiðingar þessarar staðalímynda karlmennsku í nútímanum telja jafnvel að hún geti verið rót þess vanda sem t.d. menntakerfið stendur frammi fyrir varðandi menntun

drengja. Um þetta er fjallað í fyrirlestrum og stiklum heimildamynda sem finna má í möppunni *Jafnrétti by Kolbrun Bjornsdottir* á YouTube. Sjá Colin Stokes: *How movies teach manhood* (nr. 2), Tony Porter: *A call to men* (nr. 26), Jackson Katz: *Violence against women – it's a men's issue* (nr. 27), Jackson Katz m.a.: *Tough Guise: Violence, Media and the Crisis in Masculinity* (nr. 34), Jennifer Siebel Newsom: *The Mask You Live In* (nr. 65).

Í TED-fyrirlestri sínum segir Colin Stokes að það sem drengir skynja gegnum bíómyndir, bækur, tölvur og fleiri miðla, sé að sannir karlmenn séu í stöðugri baráttu við ill öfl. Þeir sigrist að lokum á þeim og sækir sér svo verðlaun. Verðlaunin eru kona, sem talar ekki (hefur ekki rödd) og á enga vini. Hann spyr hvort einhver tenging gæti verið milli þessa uppeldis og aukins kynferðisofbeldis. Stokes talar líka um að okkur þyki öllum sjálfsagt að stelpur geti samsamað sig karlhetjum en um leið er algjörlega fjarstæðukennt að strákar geti samsamað sig kvenhetju! Hann álitur að uppaldur verði einfaldlega að kenna drengjum að líta upp til kvenna og samsama sig kvenhetjum í miðlum.

Hugmyndir að verkefnum

- Skemmtilegt gæti verið að gera rannsókn á kynjahlutföllum í efni sem nemendur hafa aðgang að, s.s. barnaefni einn morgun um helgi. Hver og einn skráir hjá sér ákveðnar upplýsingar: Dagsetning, tími (frá klukkan hvað, til klukkan hvað), hversu margir þættir, fjöldi karlkyns persóna og fjöldi kvenkyns persóna. Þá mætti hugsa sér að hluti hópsins gerði athugun á því hvernig aðalhlutverk skiptust milli kynja. Annar hluti hópsins gæti skráð hjá sér upplýsingar um staðalímyndir eða birtingarmyndir kynja í barnaefni. Niðurstöðurnar mætti teikna upp í kökuriti eða súluriti.
- Í möppunni *Jafnrétti Kolbrun Bjornsdottir* á YouTube eru nokkur myndbönd sem gaman gæti verið að sýna nemendum: Tónlistarmyndbandið *Stupid Girl* með Pink – nr. 46, frá Geenu Davis *See Jane* – nr. 40, *Dove Evolution* – nr. 12, *Amy* – nr. 11 og *Beauty Pressure* – nr. 10.
- Veljið nokkrar barna- og fjölskyldumyndir og gerið Bechdel-prófið á þeim. Ræðið niðurstöðurnar.
- Gera mætti klippimyndverk með staðalímyndum og skrifa orð með sem lýsa stöðluðum einkennum persónanna.
- Ítarefni fyrir kennarann: Fyrirlestur Colin Stokes er númer 2 í möppunni *Jafnrétti Kolbrun Bjornsdottir* á YouTube. Þá eru fyrirlestrar Anitu Sarkeesian, númer 4–9, áhugaverð lýsing á því hvernig kvenkyns persónur eru nýttar í tölvuleikjum, kvikmyndum og sjónvarpi. Fyrirlestrar Jean Kilbourne *Killing Us Softly* eru mjög áhugaverðir og eru númer 33 og 34.

Heimildir

Clay, W. A. (júni 2012). *Redefining masculinity*. Sótt 15. ágúst 2013 frá American Psychological Association (Vol. 43, No. 6, bls. 52 á prenti): <http://www.apa.org/monitor/2012/06/masculinity.aspx>

Davis, G. (2013). *Geena Davis Institute on Gender in Media*. Sótt 2. mars 2013 frá: <http://www.seejane.org/index.php>

Gerbner, G., Gross, L., Morgan, M., Signorelli, N. (1986). Chapter 2: Living with Television: The Dynamics of the Cultivation Process. Í J. B. Zillmann (ritstjóri), *Perspectives on Media Effects* (bls. 17–40). Hillsdale: Lawrence Erlbaum Associates.

Guðrún Pétursdóttir. (11. janúar 2008). *Fordómar og fjölmiðlar*. InterCultural Ísland. [Glærur].

Hermes, J. (2000). *Media Representations of Social Structure: Gender*. Sótt 6. ágúst 2013 frá SAGE Publications: <http://www.sagepub.com/mcquail6/Online%20readings/4b%20Hermes%20-Devereux-Ch-08.pdf>

McDougall, S. (15. ágúst 2013). *I hate Strong Female Characters*. Sótt 22. ágúst 2013 frá New Statesman: <http://www.newstatesman.com/culture/2013/08/i-hate-strong-female-characters>

Newsom, J. S. (9. júlí 2013). *The Mask You Live In*. Sótt 15. ágúst 2013 frá Kickstarter: <http://www.kickstarter.com/projects/jensiebelnewsom/the-mask-you-live-in>

Sarkeesian, A. (2012). *Damsel in Distress. Tropes vs Women* (Part 1, 2, 3). Sótt 6. ágúst 2013 frá Feminist Frequency. Conversations with Pop Culture: <http://www.feministfrequency.com/>

Smith, S. L. (2012). *Gender Oppression in Cinematic Content? A Look at Females On-Screen & Behind-the-Camera in Top-Grossing 2007 Films*. Sótt 29. júlí 2013 frá Geena Davis Institute on Gender in Media: http://www.seejane.org/downloads/2007Films_GenderReport.pdf

Stokes, Colin. (janúar 2013). *How movies teach manhood*. Sótt 3. mars 2013 frá TEDX Talks: http://www.ted.com/talks/colin_stokes_how_movies_teach_manhood.html?utm_content=tet-androidapp&utm_campaign=&utm_source=facebook.com&utm_medium=on.ted.com-android-share&awesm=on.ted.com_fN1f

Réttur til náms – Zahra / Þóra Melsteð / Ishmael / Malala Yousafzai

Sagan um Zöhru er skálduð en byggð á upplifun Fatemu sem er fædd og uppalin í Afganistan. Í allri umræðu um Afganistan er mikilvægt að hafa í huga að Talibanar eru ekki fulltrúar íslam. Þeir eru herskár öfgahópur og eru jafn ógnvænlegir fólki af öllum trúarbrögðum.

Þótt okkur á Íslandi þyki kannski sjálfsagt mál að fá að ganga í skóla frá sex til sextán ára aldurs er alls ekki langt síðan þessi réttindi fengust. Þau eru líka langt frá því að þykja sjálfsgöð alls staðar í heiminum. Baráttan fyrir jöfnum rétti allra barna til að stunda nám hefur verið mjög erfið og er alls ekki lokið. Rétturinn til náms er víða brotinn enn þann dag í dag. Ástæðurnar eru margvíslegar, s.s. fjarlægð frá skóla, fátækt, kynjamisrétti, stríðsástand, börn á flóttu eða að börn eru ein á báti.

Á mörgum stöðum í heiminum er miklu erfiðara fyrir stelpur að fá að stunda nám heldur en stráka. Í raun er alls ekki mjög langt síðan réttur stúlkna og kvenna til náms var viðurkenndur í þeim hluta heimsins þar sem þau þykja sjálfsgöð núna. Eins og til dæmis á Íslandi.

Í allri umræðu um Malölu er mikilvægt að hafa í huga að Talibanar eru hryðjuverkasamtök en ekki fulltrúar íslam á neinn hátt enda gengur boðskapur þeirra gegn trúnni. Þá eru flest fórnarlömb þeirra múslimar og þeir valda mestum usla í löndum þar sem flestir aðhyllast íslam.

Hugmyndir að verkefnum

- Ræðið gegn hvaða réttindum hefur verið brotið í sögunum fjórum.
- Það má velta fyrir sér ýmsum hugmyndum um hetjur; eru hetjur alltaf góðar fyrirmyndir, er hetjuskapur það sama og glannaskapur (eru hetjur alltaf glannar og glannar alltaf hetjur), hvað eru hversdagshetjur?
- Fjalla mætti um þróunarstarf í sambandi við sögu Ishmael. Ishmael er skálduð persóna en aðstæður hans er byggðar á raunverulegum aðstæðum margra barna um allan heim. Er eitthvað sem nemendahópurinn og aðstandendur gætu gert til að aðstoða börn í sömu sporum og Ishmael? Gæti hópurinn á einhvern hátt safnað peningum til að gefa til uppbyggingar skóla, t.d. í Síerra Leóne?
- Saga Þóru sýnir að það er ekki langt síðan íslenskar stúlkur máttu þola sömu réttindabrot. Hér mætti grípa til *hvað ef-nálgunnar* og velta fyrir sér hvort eitthvað og þá hvað væri öðru vísi á Íslandi ef Þóra og fleiri hefðu ekki barist fyrir rétti stúlkna til náms?
- Í möppunni *Jafnrétti Kolbrun Bjornsdóttir* á YouTube er myndband frá Girl Rising sem gæti verið gaman að sýna nemendum. Myndbandið er gert til að vekja athygli á baráttunni fyrir rétti stúlkna til að sækja sér menntun. Myndbandið er númer 49.
- Sýna mætti nemendum myndasöguna um Malölu. Hana mætti prenta út og láta nemendur fá eða hengja hana upp í stofunni. Mikið fréttafni er til um Malölu á netinu og upplagt að nýta sér það ef einhver kostur er á því. Umræðupunktur: Er Malala hetja? Hverjir gætu tekið sér hana til fyrirmyndar (hvetjið drengina til að taka sér hana til fyrirmyndar líka ef þeir átta sig ekki sjálfir)? Fyrir hverju er hún að berjast? Af hverju er það mikilvægt? Teiknimyndasöguna sem rekur sögu Malölu má finna hér: <http://zenpencils.com/comic/104-malala-yousafzai-i-have-the-right/>
- Í möppunni *Jafnrétti Kolbrun Bjornsdóttir* á YouTube er myndband af ræðu sem Malala hélt á þingi Sameinuðu þjóðanna. Myndbandið er númer 20.
- Ítarefni um þróunarstarf má finna hér (í frétt frá 30.09.2013): <http://www.nams.is/um-nams-gagnastofnun/frettir/>
- Ítarefni fyrir kennarann: Um Talibana: *Inside The Taliban* <http://www.youtube.com/watch?v=f4cVVu-Si2fl>

Heimildir

- Besliu, R. (15. janúar 2013). *Malala receives the Simone de Beauvoir Prize for Women's Freedom*. Sótt 12. febrúar 2013 frá Digital Journal: <http://www.digitaljournal.com/article/341393#ixzz2JD9kJkA4>
- Bogi Th. Melsteð. (1. janúar 1924). *Frú Þóra Melsteð. 1823 – 18. desember – 1923*. Sótt 25. mars 2013 frá Tímarit.is, Óðinn: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=2292346
- Bríet Bjarnhéðinsdóttir. (1. janúar 1897). *Frú Þóra Melsteð*. Sótt 25. mars 2013 frá Tímarit.is, Kvænna-
blaðið: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=2222158
- Bríet Bjarnhéðinsdóttir. (30. desember 1887). *Fyrirlestur um hagi og rjettindi kvenna*. Fyrirlestur. Sótt 28. mars 2013 frá Bækur.is: http://baekur.is/bok/000054511/Fyrirlestur_um_hagi_og
- Huus, K. (1. febrúar 2013). *Malala, teen champion of girls' rights nominated for Nobel Peace Prize*. Sótt 12. febrúar 2013 frá World News on NBC News: http://worldnews.nbcnews.com/_news/2013/02/01/16811670-malala-teen-champion-of-girls-rights-nominated-for-nobel-peace-prize?lite
- Meikle, J. (4. febrúar 2013). *Malala Yousafzai: God has given me a second life*. Sótt 12. febrúar 2103 frá The Guardian: <http://www.theguardian.com/world/2013/feb/04/malala-yousafzai-god-second-life>
- Schools for Salone. (án dags.). Sótt 9. ágúst 2013 frá: <http://schoolsforalone.org/>
- Sigríður Th. Erlendsdóttir. (2006). *Bríet Bjarnhéðinsdóttir – æviferill*. Sótt 28. mars 2013 frá Kvænna-
sögusafn Íslands: <http://kvennasogusafn.is/index.php?page=aviferill>
- SOS Children's Villages. (án dags.). Sótt 9. ágúst 2013 frá: <http://www.sos-childrensvillages.org/where-we-help/africa/sierra-leone>
- Svanhvít Aðalsteinsdóttir. (30. janúar 1977). *Bríet Bjarnhéðinsdóttir*. Sótt 28. mars 2013 frá Tímarit.is, Lesbók Morgunblaðsins: http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=3298233&lang=0
- UNICEF. (án dags.). Sótt 9. ágúst 2013 frá: <http://unicef.is/node/1284>
- Williams, J. (19. október 2012). *Malala Yousafzai and the BBC*. Sótt 12. febrúar 2013 frá BBC News: http://www.bbc.co.uk/blogs/theeditors/2012/10/malala_yousafzai_and_the_bbc.html

Baráttan fyrir jöfnum rétti kynjanna Baráttan fyrir jöfnum rétti kvenna og karla / Bríet Bjarnhéðinsdóttir / Hugrenningar Víðis, Trausta og Odds um jafnrétti kynjanna / Sigríður María Egilsdóttir / Vegna þess að ég er stelpa

Fróðlegt og gagnlegt er fyrir nemendur að skoða tímalínu um baráttu fyrir jöfnum rétti kvenna og karla sem hófst fyrir alvöru í hinum vestræna heimi upp úr frönsku byltingunni 1789 og spegla við íslenska frumkvöðla og ungt fólk í samtímanum. Þannig ættu þeir að fá tilfinningu fyrir því sem á undan er gengið og þeirri stöðu sem nú ríkir í kynjajafnréttismálum. Tímalínan er að sjálfsgöðu engan veginn tæmandi en sýnir nokkra mikilvæga áfanga í jafnréttisbaráttunni víðsvegar um heim. Mælt er með því að vinna verkefni um tímalínu sem lýst er hér fyrir neðan.

Texti síðunnar *Vegna þess að ég er stelpa* er þýðing á texta myndbandsins *Because I Am A Girl* frá góðgerðasamtökunum Plan International (sjá heimildaskrá). Samtökin og átakið *Because I Am A Girl* má kynna sér hér á heimasíðu þeirra, <http://plan-international.org/>.

Hugmyndir að verkefnum

- Ræðið gegn hvaða réttindum hefur verið brotið í sögunum í nemendabók.
- Fyrirlestur Sigríðar Maríu er fyrstur í möppunni *Jafnrétti Kolbrun Björnsdóttir* á YouTube. Fyrirlesturinn er á ensku en það gæti samt verið áhugavert fyrir nemendurna að sjá og heyra í Sigríði Maríu. Þá mætti sýna nemendum brot úr kvikmyndinni *Iron Jawed Angels*, nr. 17, þar sem sjá má meðferðina á súffragettum sem voru fangelsaðar fyrir það eitt að krefjast þess að fá að kjósa. Myndbandið *Because I Am A Girl* er númer 25, *Girl Rising* er númer 50 og myndband um launajafnrétti er númer 24.
- Teiknið upp tímalínu á vegg skólafunnar með stiklum í réttindabaráttu kvenna. Leitið að fleiri stiklum en sagt er frá í nemendabók, t.d. upphaf Rauðsokkuhreyfingarinnar, stofnun Femínistafélags Íslands og stiklur úr sögu fæðingarorlofsréttar. Hafið tímalínuna stóra svo allt komist vel fyrir. Tímalínuna mætti nýta áfram og setja in stiklur úr ýmiss konar jafnréttisbaráttu í tengslum við aðra kafla bókarinnar, s.s. fyrir jafnrétti óháð kynhneigð, litarhætti eða trúarbrögðum.
- Í möppunni *Jafnrétti Kolbrun Björnsdóttir* á YouTube eru nokkur myndbönd um það hvernig kynjamisrétti er líka slæmt fyrir drengi og karla. Myndböndin eru á ensku og of þung til að sýna nemendum þau en henta vel til undirbúnings kennara fyrir umræður um þessa hlið kynjamisréttis. Fyrirlestur Tony Porter, *A call to men*, nr. 26; *Tough Guise; Violence, Media and the Crisis in Masculinity* m.a. með Jackson Katz, nr. 34; og nr. 65 er stikla heimildamyndarinnar *The Mask You Live In*.

Heimildir

Encyclopædia Britannica. (2013). *300 Women Who Changed the World. Timeline: Through the Centuries*. Sótt 2. október 2013 frá: <https://www.britannica.com/women/timeline?toCId=9404138&-section=249219>

Erla Hulda Halldórsdóttir. (2004). *Kvenréttindi*. Sótt 2. október 2013 frá Heimastjórn í hundrað ár: <http://www.heimastjorn.is/heimastjornartiminn/kvenrettindi/>

Guide to Women Leaders. (1. október 2013). *Female Presidents*. Sótt 2. október 2013 frá Worldwide Guide to Women in Leadership: <http://www.guide2womenleaders.com/Presidents.htm>

Kristín Ástgeirsdóttir. (28. maí 2013). *Kynjuð stjórnmál*. Sótt 2. október 2013 frá: <http://www.feministinn.is/myndir/kynjud-stjornmal/kynjud-stjornmal-kristin.htm>

Kvennasögusafn Íslands. (án dags.). *Kosningaréttur kvenna*. Sótt 2. október 2013 frá Kvennasögusafn Íslands: <http://kvennasogusafn.is/index.php?page=kosningarettur-kvenna>

Plan International. (2013). *Because I Am A Girl*. Sótt 2. október 2013 frá Plan International: http://www.youtube.com/watch?v=mWa9jmv3u90&list=PLDobW0gSYrMcPX5qjC9FpzpQZzkqW_Ln&index=26

Sigríður María Egilsdóttir. (25. júní 2013). *Um jafnrétti*. (Kolbrún Anna Björnsdóttir, spyrill). [Viðtal].

Sigríður Þorgeirsdóttir. (29.12.2011). „Hver var Simone de Beauvoir og hvert var framlag hennar til heimspekinnar?“ Sótt 2. október 2013 frá *Vísindavefurinn*: <http://visindavefur.is/?id=61567>.

Wilson, F. (2012). “John Stuart Mill.” *The Stanford Encyclopedia of Philosophy* Edward N. Zalta (ritstjóri.). Sótt 2. október 2013 frá: <http://plato.stanford.edu/archives/spr2012/entries/mill/>.

Þorgerður Einarsdóttir. (19. maí 2004). *Hid vísindalega er pólitískt. Femínismi sem fræðikenning andófs og breytinga*. Sótt 2. október 2013 frá: https://notendur.hi.is/~einarsd/kynjafraedi/Hid_visindalega04.pdf

Baráttan fyrir jöfnum rétti fólks með fatlanir Embla Guðrúnar Ágústsdóttir / Skaðlegir fordómar

Ellen Geirsdóttir útskýrir í grein sinni sem birtist á vef tímariti Öryrkjabandalags Íslands hvernig staðan er í mannréttindabaráttu fatlaðra. Hún segir að mannréttindi séu brotin á fólki með fötlun á hverjum degi en þöggunin sé mikil í samfélaginu. Þegar nálgunin er læknisfræðileg upplifir fólk með fötlun sig ef til vill sem gallað eða bilað, sem eitthvað sem þurfti að laga og aðlaga að heimi sem gerir ekki ráð fyrir því. Ellen telur að beita þurfi félagslegu sjónarhorni þar sem tekið er á mismunun og fordómum því þar liggur rót vandans en ekki hjá hinum fatlaða.

Enginn getur allt og öll höfum við okkar takmarkanir. Það er hins vegar engum til góðs að einblína á takmarkanir en hundsa hæfileika sem hver og einn hefur til að bera. Hugtakið „fötlun“ er í sjálfu sér afstætt og nær yfir fjölbreytta flóru takmarkana, bæði sýnilegra og duldra. Hver sem er gæti þurft að takast á við einhvers konar fötlun á lífsleiðinni, annaðhvort hjá sjálfum sér eða aðstandendum. Aðeins lítill hluti þeirra sem teljast öryrkjar hafa verið fatlaðir frá fæðingu en meiri hluti öryrkja tekst á við fötlun sökum sjúkdóma, slysa, hrörnunar eða áfalla síðar á lífsleiðinni.

Mikilvægt er að ræða opinskátt um fatlanir. Þær eru eðlilegur hluti lífsins. Á sama tíma er mikilvægt að vinna gegn þeim fordómum og hindrunum sem gætu komið í veg fyrir að fatlaðir einstaklingar geti notið hæfileika sinna til fulls. Árið 2007 skrifuðu fulltrúar Íslands undir sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks en ekki er enn búið að lögfesta hann.

Hugmyndir að verkefnum

- Ræðið gegn hvaða rétti hefur verið brotið í sögunum í nemendabók.
- Lesið og ræðið grein Ellenar Geirsdóttur um mannréttindi fatlaðs og ófatlaðs fólks með nemendum. Greinin birtist á vef tímariti Öryrkjabandalags Íslands 23. september 2013 og má nálgast á slóðinni: <http://www.obi.is/vefrit/greinar/nr/1447>
- Sýnið nemendum myndbandið *Children of all abilities speak out* sem finna má í möppunni á YouTube: *Jafnrétti Kolbrun Björnsdóttir*. Myndbandið er númer 43.
- Sýnið nemendum myndböndin *Virkjum hæfileikana* sem finna má í möppunni á YouTube. Myndböndin eru númer 73, 74, 75, 76, 77 og 78. Myndböndin eru um 30 sek. löng hvert.
- Lesið og ræðið grein Freyju Haraldsdóttur um disablisma með nemendum. Greinin heitir *Smá ismi í tilefni af alþjóðadegi fatlaðs fólks* og birtist á síðu NPA-miðstöðvar 3. desember 2012 og má nálgast á slóðinni: <http://www.npa.is/index.php/greinar/129-sma-ismi-i-tilefni-af-altjoeadegi-fatlaes-folks>
- Sendið bréf til forsætisráðuneytis og forsetaembættis til að hvetja til lögfestingar á sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.
- Gerið úttekt á skólanum og nærumhverfi hans. Hvernig er gert ráð fyrir fólki með fatlanir? Hvað er í lagi og hvað mætti betur fara? Skriðið sameiginlega skýrslu og afhendið skólustjórn (sjá nánar Kristín Dýrfjörð o.fl., 2013).

Heimildir

Embla Guðrúnar Ágústsdóttir. (16. september 2013). *Um jafnrétti*. (Kolbrún Anna Björnsdóttir, spyrill). [Viðtal].

Embla Guðrúnar Ágústsdóttir. (11. ágúst 2009). *Hamlandi samfélag?* Sótt 7. október 2013 frá Emblan: <http://emblan.blog.is/blog/emblan/>

Kristín Dýrfjörð, Þórður Kristinsson og Berglind Rós Magnúsdóttir. (2013). *Jafnrétti – Grunnþáttur menntunar á öllum skólastigum*. Reykjavík, Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun.

Kumar, D. (23. september 2013). *Africa's disabled cursed by apathy and abuse*. Sótt 4. október 2013 frá Aljazeera: <http://www.aljazeera.com/indepth/features/2013/09/2013922121017135639.html>

Lára Halla Sigurðardóttir. (7. október 2013). *Verða fyrir aðkasti vegna heyrnartækja*. Sótt 7. október 2013 frá Mbl.is: http://www.mbl.is/frettir/innlent/2013/10/07/einelti_vegna_heyrtækja/

Lísa Pálsdóttir. (4. október 2013). *Ofbeldi gegn fötluðu fólki algengt*. Sótt 4. október 2013 frá ruv.is: <http://www.ruv.is/jafnrettismal/ofbeldi-gegn-fotludu-folki-algengt>

UNICEF. (17. september 2013). *Children with disabilities*. Sótt 4. október 2013 frá Child protection issues: http://www.unicef.org/protection/57929_58537.html

Mismunun vegna kynhneigðar

Andrei / Ungliðahópur Samtakanna '78

Hugtakið „hinsegin“ er notað yfir allar kynhneigðir aðrar en gagnkynhneigð. Eins og segir í kaflanum *Hvað er kyn?* sýndi rannsókn Alfreds Kinseys fram á það að kynhneigð væri flókin og margslungin flétta kynhegðunar, kynvitundar og kynlangana. Á sjö þrepa skala Kinseys við greiningu kynhneigðar voru langflestir í þrepunum á milli algjörRAR gagnkynhneigðar og algjörRAR samkynhneigðar (eða frá einum til sex). Pólskipting gagnkynhneigðar og hinsegin hneigða er því bæði úr sér gengin og gagnslaus. Þrátt fyrir það lifum við í samfélagi sem gerir ráð fyrir gagnkynhneigð og því hafa aðrar kynhneigðir þurft að sæta jaðarsetningu. Því fylgir oft krafan um að hinsegin fólk þurfi að „koma út úr skápnum“ eða opinbera kynhneigð sína á þann hátt sem gagnkynhneigðir eru aldrei krafðir um.

Helstu hugtök

Gagnkynhneigð – að laðast að einhverjum af gagnstæðu kyni.

Samkynhneigð – að laðast að einhverjum af sama kyni.

Tvíkynhneigð – að laðast hvort heldur að einhverjum af gagnstæðu eða sama kyni.

Trans – er hugtak sem er notað yfir fólk sem fer út fyrir hefðbundið kyn:

Transkona er kona sem fæddist í karlkyns líkama.

Transkarl er karl sem fæddist í kvenkyns líkama.

Sumir fara í aðgerðir, aðrir ekki.

Sumir vilja hvorki skilgreina sig sem karl eða konu og aðrir vilja blöndu af hvoru tveggja.

Þá ber að hafa í huga að sumt fólk vill ekki láta skilgreina sig í ofangreinda flokka og enn aðrir hafa enga kynhneigð eða -langanir. Frekari upplýsingar og aðstoð má nálgast hjá samtökum eins og Samtökunum '78.

Saga Andrei er skálduð en byggð á fréttum frá Rússlandi.

Hugmyndir að verkefnum

- Hvaða réttindi eru brotin á Andrei? Í Rússlandi er núna bannað að sýna opinberlega merki um samkynhneigð eða stuðning við réttindabaráttu þeirra. Sjáið þið eitthvað í Barnasáttmálanum sem stangast á við nýju lögin í Rússlandi?
- Kynhneigð er viðkvæmt mál fyrir börn snemma á unglingsaldri. Þau nota hins vegar gjarnan orð sem vísa í kynhneigð sem skammaryrði án þess að átta sig á samfélagslegum tilvísunum og afleiðingum þess. Það væri gott að geta rætt við nemendur um staðalímyndir af kynhneigð fólks og hvernig þær stangast á við raunveruleikann. Þá er gott að benda þeim á þá kúgun sem felst í notkun tilvísana í kynhneigð fólks sem skammaryrði. Kynhneigð er ekkert til að skammast sín fyrir.
- Ræðið hvernig fordómar gagnvart kynhneigð birtast í samfélaginu hjá okkur (staðalímyndir í sjónvarpi, brandarar, skammaryrði).
- Nýtið „hvað ef“ -leiðina og ímyndið ykkur að samkynhneigð væri samfélagslega viðurkennda kynhneigðin en gagnkynhneigð frávik. Þá er gott að benda þeim á þá kúgun sem felst í notkun tilvísana í kynhneigð fólks sem skammaryrði.
- Setja má upp tímalínu með mikilvægum áfangasigrum í réttindabaráttunni á Íslandi. Hvað vantar enn upp á að réttindin séu til jafns við réttindi gagnkynhneigðra?

Heimildir

Ioffe, J. (14. ágúst 2013). *Eight Horrific and Uplifting Stories About Being Gay in the New Russia*. Sótt 9. september 2013 frá New Republic: <http://www.newrepublic.com/article/114299/gay-life-russia-eight-horrific-stories>

Ungliðahreyfing Samtakanna '78. (e.d.). *Ungliðahreyfing Samtakanna '78*. Sótt 9. september 2013 frá Samtökin '78: <http://www.samtokin78.is/unglieahreyfing-samtakanna-78>

Baráttan gegn kynþáttafordómum Nelson Rolihlahla Mandela / Anna og Ahmad

Í orðabókinni Oxford Dictionary eru rasismi eða kynþáttafordómar skilgreindir sem *mismunun og fordómar sem beinast gegn einhverjum af öðrum kynþætti og byggir á þeirri trú að eigin kynþáttur sé yfir aðra hafinn*. Í dag ættu flestir að vera meðvitaðir um að þótt orðið „kynþáttafordómar“ gefi í skyn að „kynþættir“ séu til, þá er slík flokkun fólks röng bæði vísindalega og siðferðilega. Við sitjum hins vegar uppi með þetta orð þar til nýtt hefur verið smíðað.

Það er sammanleg tilhneiging að vilja samsama sig einhverjum hópi og hugsa um þann hóp sem „okkur“ og alla aðra sem „hina“. Þessir hópar geta verið allt frá litlum hópum, eins og íþróttafélög eða íbúar í ákveðnu bæjarfélagi, og allt upp í að vera heilar þjóðir eða svokallaðir „kynþættir“. Þeir sem standa utan hópsins eru oft álitnir vera ógn og þeir útilokaðir; þeir verða fyrir því sem kallað er „öðrun“. Tortryggni gagnvart ókunnugum og utanaðkomandi hefur einkennt mannleg samfélög frá alda öðli og um alla veröld.

Þegar talað er á neikvæðan eða niðrandi hátt um „hina“ um leið og gengið er út frá ágæti eigin hóps þegar kemur að þjóðerni eða kynþætti eru það kynþáttafordómar eða rasismi. Fáir kannast við að vera haldnir slíkum fordómum en trúa samt auðveldlega staðalímyndum um muninn á „okkur“ og „hinum“. Hér skiptir máli að uppræta staðalímyndir og ganga aldrei út frá neinu sem gefnu um annað fólk.

Saga Önnu er byggð á sannsögulegum heimildum.

Hugmyndir að verkefnum

- Ræðið gegn hvaða réttindum hefur verið brotið í sögunum um Mandela og Önnu og Ahmad.
- Hópnum er skipt í tvennt. Annar hlutinn rannsakar og semur kynningu um Nelson Mandela en hinn hlutinn rannsakar og semur kynningu um aðskilnaðarstefnuna (apartheid).
- Suður-Afríka er ekki eina landið sem hefur haft aðskilnaðarstefnu hvítra og svartra. Það er ekki langt síðan sama stefna var lögð af í Bandaríkjunum. Skoðið réttindabaráttuna í Bandaríkjunum. Dæmi um leitarorð: þrælastríðið, Harriet Tubman, Rosa Parks, Martin Luther King, Malcolm X.
- Setjið stiklur á tímalínu um baráttuna í Suður-Afríku og BNA gegn aðskilnaði fólks með ólíkan húðlit.

Heimildir

Nelson Mandela Centre of Memory. (án dags.). *The Life and Times of Nelson Mandela*. Biography. Sótt 28. mars 2013 frá The Nelson Mandela Centre of Memory: <http://www.nelsonmandela.org/content/page/biography>

Ragna Sara Jónsdóttir. (15. júlí 2001). Mandela. *Morgunblaðið B* (15.07.2001). Sótt 28. mars af Tímarit.is: http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=249375&lang=gl

Baráttan gegn nýlendustefnu og fyrir rétti frumbyggja – Mohandas Karamchand „Mahatma“ Gandhi / Ellen

Í mannkynssögunni má finna mýmörg dæmi um tilraunir þjóða til að stækka yfirráðasvæði sitt með töku nýlendna. Hugtakið *nýlenduhyggja* (e. colonialism) er því hvorki staðbundið né bundið ákveðnu tímabili í sjálfu sér. Við upphaf 16. aldar urðu þó framfarir í siglingafræði og skipasmíði til þess að hrinda af stað um 400 ára skeiði umfangsmestu nýlendutöku sögunnar. Evrópuþjóðir lögðu undir sig stærsta hluta Ameríku og Ástralíu, auk hluta Asíu og Afríku. Þá voru nokkar nýlendir innan Evrópu sjálfrrar. Hugtakið er því yfirleitt notað um umsvif Evrópuþjóða á þessu tímaskiði.

Bandaríkin voru eitt sinn nýlenda. Landið var tekið af fólki sem hafði búið þar lengi áður en Evrópu-menn þóttust hafa fundið Ameríku. Heilar þjóðir og þjóðflokkar voru myrtir eða hraktir í burtu eftir því sem nýlendubúarnir urðu plássfrekari.

Nokkrar staðreyndir um Pine Ridge „verndarsvæðið“

- Meðalaldur karlmannna er 44 ár.
- Tíðni ungbarnadauða er 300% hærrí en meðaltíðni annar staðar í BNA.
- 97% íbúa lifa undir fátæktarmörkum.
(Sjá: <http://www.republicoflakotah.com/genocide/>)

Hugmyndir að verkefnum

- Ræðið gegn hvaða réttindum hefur verið brotið í sögunum um Gandhi og Ellen.
- Hvað eru nýlendir? Hvaða fleiri fyrrverandi nýlendir þekkja nemendur? Í kjölfar þessarar umræðu mætti grípa til Hvað-ef-sögunnar og velta fyrir sér hvort lífið á Íslandi væri eitthvað svipað Pine Ridge ef það væri enn undir yfirráðum Dana (í því samhengi mætti líka skoða hvort munur er á aðstæðum á Íslandi og á Grænlandi eða í Færeyjum).
- Í möppunni *Jafnrétti Kolbrun Bjornsdóttir* á YouTube eru tvö myndbönd um lífið í Pine Ridge Reservation: Stuttur fréttaskýringarþáttur (6:29 mínútur) Diane Sawyer hjá ABCNews, *Hidden America: Children of the Plain*, er nr. 31 og önnur stutt upptaka af lífinu á „verndarsvæðinu“ er nr. 30.
- Athuga mætti hvort einhver grunnskólanna í Pine Ridge vildi gerast vinaskóli ykkar skóla.
- Meðal þeirra góðgerðasamtaka sem vinna að bættum kjörum barna í Pine Ridge eru *Lakota Children's Enrichment, Inc.* Nemendahópurinn gæti viljað láta gott af sér leiða með einhverjum hætti. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu samtakanna: <http://lakotachildren.org>

Heimildir

Gandhi Research Foundation. (e.d.). *About Gandhiji*. Sótt 12. mars 2013 frá Gandhi Research Foundation: <http://www.gandhifoundation.net/about%20gandhi.htm>

Heimasíða Wounded Knee District School: <http://woundedkneeschool.org/index.html>

Huey, A. (2010). *America's native prisoners of war*. Sótt 20. september 2013 frá TEDX Talks: http://www.ted.com/talks/aaron_huey.html

Kohn, M. (2012). "Colonialism", *The Stanford Encyclopedia of Philosophy* Edward N. Zalta (ed.), URL = <<http://plato.stanford.edu/archives/sum2012/entries/colonialism/>>.

Mahatma Gandhi. (2013). *The Biography Channel website*. Sótt 12. mars 2013 frá: <http://www.biography.com/people/mahatma-gandhi-9305898>.

Medicine Wheel Healing Community. (9. apríl 2013). *Medicine Wheel Healing Community*. Sótt 20. september 2013 frá: <http://www.medicinewhl.org/default.htm>

Pine Ridge Community Storytelling Project. (2012). Sótt 20. september frá National Geographic: <http://ngm.nationalgeographic.com/2012/08/pine-ridge/community-project>

Republic of Lakotah. (2014). *Genocide*. Sótt 20. september frá Republic of Lakotah: <http://www.republicoflakotah.com/genocide/>

Rosenberg, J. (e.d.). *Gandhi – Biography of Mahatma Gandhi*. Sótt 12. mars 2013 frá About.com 20th Century History: <http://history1900s.about.com/od/people/a/gandhi.htm>

Börn á flóttu

Á flóttu til Íslands / Elias / Ajmal

Hugmyndir að verkefnum

- Ræðið gegn hvaða réttindum hefur verið brotið í sögunum þremur.
- Rannsakið og ræðið: Hvernig er tekið á móti flóttafólki á Íslandi? Er þörf á að gera betur? Ef svo er hvernig væri það hægt?
- Myndbandið *When you don't exist* frá Amnesty International sýnir vanda flóttafólks frá annarri hlið og er ágætis æfing í samsömun og samhygð. Myndbandið er númer 52 í möppunni *Jafnrétti Kolbrun Björnsdóttir* á YouTube.
- Þeir sem hafa aðgang að viðeigandi tækjabúnaði geta farið í gegnum vefleikinn *Flóttu* í boði UNHCR.is. Slóðin er: <http://www.flotti.org/againstallodds/index.html>

Heimildir

Viðtalið sem liggur til grundvallar *Á flóttu til Íslands* er tekið við unga flóttakonu í júlí 2013. Viðmælandi vill ekki láta nafns síns getið.

Sögurnar um *Elias* og *Ajmal* eru unnar upp úr endurminningum Fatemu og frænda hennar.

Barnaþrælkun / Yaya / Halima

Samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna telst það vera barnaþrælkun ef börn þurfa að vinna þannig að það komi í veg fyrir að þau njóti réttinda sinna til náms og frístunda, sérstaklega þegar vinnan er hættuleg andlegri eða líkamlegri heilsu þeirra.

Það hefur löngum tíðkast að nýta starfskrafta barna en smám saman hefur löggjöf eflst og vitund fólks vaknað fyrir hættunni sem fylgir því.

Þó svo að mikill árangur hafi náðst í baráttunni gegn barnaþrælkun viðgengst hún enn um allan heim. Börn frá fátækari löndum heims eru í meiri hættu á að vera hneppt í þrældóm. Barnaþrælkun er vandamál sem kemur okkur öllum við.

Um þriðjungur fjórtán ára barna í Afríku sunnan Sahara býr við barnaþrælkun.

73 milljónir barna undir tíu ára aldri vinna.

69% allrar vinnu í landbúnaði, fiskiðnaði og skógrækt er unnin af börnum.

Saga Halimu er unnin upp úr viðtali við hana frá 9. nóvember 2006 af Institute for Global Labour and Human Rights. Ef börnin hafa áhyggjur af Halimu má segja þeim frá því að samtökin sem tóku viðtalið við hana aðstoðuðu hana við að komast í skóla:

„After this interview in 2006, we rescued then 11-year-old Halima from the Harvest Rich factory in Bangladesh. Her family is extremely poor — her dad is a bicycle rickshaw driver — but they really wanted her to have the chance to get an education. With contributions from a professor in Ohio, United States, we sent her back to school. She is doing very well in school now.“

(sjá í umræðuþráð neðan við viðtalið á YouTube).

Hugmyndir að verkefnum

- Ræðið út frá sögunum þremur í nemendabók gegn hvaða réttindum hefur verið brotið.
- Í möppunni *Jafnrétti Kolbrun Björnsdóttir* á YouTube má finna myndböndin: *No Child Should Ever Be For Sale* (nr. 21 og 22), *Understanding the 3D's of Child Labour* (nr. 23), *Walk Free* (nr. 32) og saga Halimu (nr. 26). Sýnið nemendum og ræðið.
- Ræðið hvað það er sem við getum gert til að koma í veg fyrir barnaþrælkun.
- Sendið bréf til íslenskra sælgætisframléiðenda og hvetjið þá til að kaupa kakó sem hefur verið vottað að sé framléitt án aðkomu barnaþræla. Nýtið um leið tækifærið til að ræða með nemendum um það hvaða mátt neytendur geta haft með því að t.d. sniðganga vöru, með opinberri umræðu eða þrýstihópum.
- Ítarefni fyrir kennarann: Upplýsingar um Institute for Global Labour and Human Rights má finna hér: <http://www.globallabourrights.org/reports?id=0136>. Í möppunni *Jafnrétti Kolbrun Björnsdóttir* eru nokkur myndbönd sem fjalla um barnaþrælkun og baráttuna gegn henni.

Heimildir

Institute for Global Labour and Human Rights. (9. nóvember 2006). *Child Labor: 11 year-old Halima sews clothing for Hanes*. Sótt 2. nóvember 2013 frá YouTube:

Walk Free. (án dags.). *Walk Free*. Sótt 2. nóvember 2013 frá Walk Free: <http://www.walkfree.org/>

World Vision. (án dags.). *No Child For Sale*. Sótt 2. nóvember 2013 frá No Child For Sale: <http://nochildforsale.ca/#/>

Barnabréðkaup

Barnabréðkaup eru alþjóðlegt vandamál þótt tíðni þeirra sé margfalt hærri í fátækum löndum heimsins en annars staðar. Barnabréðkaup er skilgreint sem trúlofun eða hjónaband þar sem annar eða báðir aðilar eru undir átján ára aldri. Börnin geta verið heldur stúlkur eða drengir en þó er mun algengara að stúlkur séu giftar á þennan hátt og þá oft sér töluvert eldri körlum. Þessi „hefð“ er ekki bundin neinum trúarbrögðum þótt stundum sé leitað réttlætningar í þeim. Flest lönd í heiminum hafa samþykkt 18 ára lágmarksaldur fyrir hjónaband en flest þeirra hafa samt sem áður sérstök ákvæði um undanþágur frá lágmarksaldri, m.a. Ísland. Barnabréðkaup eru skilgreind sem mannréttindabrot í öllum alþjóðlegum samþykktum. Alþjóðlegar stofnanir eins og Alþjóða heilbrigðismálastofnunin, UNICEF og Plan International, áætla að um 39.000 stúlkur undir 18 ára aldri giftist á hverjum degi.

Ástæður barnabréðkaupa eru margvíslegar og oft háðar öðrum erfiðum samfélagslegum aðstæðum. Meðal þeirra má telja:

- **Kynjamisrétti:** Slæm félagsleg og menningarleg staða kvenna innan samfélagsins sem gerir það að verkum að réttindi þeirra eru virt að vettugi.
- **Fátækt:** Vegna fátæktar á fjölskyldan erfitt með að sjá dætrum sínum farborða og lítur á það sem betri kost fyrir alla aðila að þær giftist snemma. Dætur geta síður fengið vinnu og fá lægri laun en synir. Þær eru því fjölskyldunni fjárhagsleg byrði.
- **Samfélagslegar hefðir og þrýstingur:** Hefðir og venjur gera það að verkum að foreldrarnir trúa því að með því að gifta dæturnar áður en þær ná kynþroskaskeiði séu þeir að vernda þær gegn kynferðislegri áreitni og tryggja framtíð þeirra. Víða er talið að stúlkur sem missi meydóminn utan hjónabands kalli skömm yfir fjölskylduna og eigi ekki möguleika á að giftast eftir það.
- **Menntunarskortur:** Ómenntaðar og einangraðar fjölskyldur og samfélög vita jafnvel ekki af því að með barnabréðkaupum sé verið að brjóta lög. Annars staðar eru barnabréðkaup svo algeng að yfirvöld sjá sér ekki fært að framfylgja lögum sem banna þau.
- **Átök og hamfarir:** Vegna styrjalda eða annarra hörmunga grípa fjölskyldur til þess örþrifaráðs að gifta dæturnar til að koma þeim burt úr hörmulegum aðstæðum, til dæmis flóttamannabúðum, eða til að létta hluta af byrðinni af fjölskyldunni.

Í ríkari löndum eru ástæður barnabréðkaupa að einhverju leyti þær sömu en þó er oft minni aldursmunur á brúðhjónunum. Rannsókn á aukningu á hjónaböndum unglinga í Bandaríkjunum hefur leitt í ljós að ástæður þar megi rekja til íhaldssamari viðhorfa unglinga og áherslu á skírlífi fyrir hjónaband í kynfræðslu margra bandarískra skóla. Þá má nefna aðrar ástæður svo sem fátækt og einangrun smærri eininga innan samfélagsins, t.d. meðal jaðarsettra hópa fólks af öðrum uppruna en ríkjandi hóps (m.a. frumbyggja og innflytjenda); hefðir innan sértrúarsöfnuða eða þunganir unglingsstúlkna utan hjónabands.

Afleiðingar barnabréðkaupa geta m.a. verið:

- **Heilsufarslegar:** Ungar brúðir í fátækum löndum hafa takmarkað aðgengi að heilbrigðisþjónustu og heilsufarslegum upplýsingum. Þær eru hvorki líkamlega né andlega tilbúnar til að þola kynmök, þunganir og barnsburð. Meðal heilsufarslegra afleiðinga má telja innvortis blæðingar og örvefsmyndun í legi og kynfærum; aukna hættu á HIV, alnæmi og kynsjúkdómasmiti; rifna eða sprungna þvagblöðru vegna þungunar og barnsburðar og geðsjúkdóma svo sem þunglyndi og áfallastreituröskun. Í ríkari löndum hafa ungar stúlkur greiðari aðgang að heilbrigðisþjónustu á meðgöngu og við barnsburð. Þær eiga því síður á hættu að þjást af sömu meðgöngukvillum og örðugleikum í fæðingu og kynsystur þeirra í fátækari löndum.
- **Fátækt og menntunarskortur:** Börn í hjónabandi geta síður sótt sér menntun vegna þeirra starfa og skyldna sem fylgja því að axla ábyrgð á heimili og börnum. Þau eiga því á hættu að festast í vítahring fátæktar og menntunarskorts.

- Ofbeldi: Meðal þess ofbeldis sem börn verða fyrir í hjónabandi er kynferðisofbeldi, heimilisofbeldi og vinnubrælkun.

Jafnvel þótt 193 lönd hafi skrifað undir Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eru mörg þeirra enn órafjarri því að geta staðið við öll ákvæði hans. Þar hallar helst á réttindi stúlkna en þær eru í meirihluta þolenda í þessum málaflokki.

Brendan Rigby skráði sögu May og Pao og birti á síðu Girls Voices. Paul Salopek skrifaði grein um Liset og James sem birtist í Chicago Tribune.

Hugmyndir að verkefnum

- Ræðið gegn hvaða réttindum hefur verið brotið í sögunum tveimur.
- Ræðið hvað það þýðir að giftast á barnsaldri; hvaða ábyrgð gæti fylgt því, hvaða skyldur, af hverju missa börnin, hverjar eru framtíðarhorfurnar?
- Horfið á mynböndin *Because I Am A Girl* (nr. 25), *Girl Voices* (nr. 50) og *End Child Marriage* (nr. 60) sem finna má í möppunni *Jafnrétti Kolbrun Björnsdóttir* á YouTube. Ræðið það sem fram kemur í myndböndunum; var það svipað því sem þið voruð búin að ræða áður? Koma aðrar upplýsingar fram í myndböndunum?
- Skrifið bréf til forsætisráðuneytis og/eða forsetaembættis til að hvetja íslensk stjórnvöld til að taka þátt í baráttunni fyrir mannréttindum barna í heiminum, m.a. til að koma í veg fyrir barnabruðkaup.
- Ítarefni fyrir kennarann: Í möppunni á YouTube er heimildarmynd National Geographic um barnabruðkaup, *Too Young To Wed* (nr. 19). Þá er áhugavert að skoða heimasíðurnar www.girlsnotbrides.org og <http://plan-international.org/girls/index.php?lang=en> (herferðin *Because I Am A Girl*). Ef tækjabúnaður er til staðar, mætti hugsa sér að skoða þessar tvær síður með nemendum.

Heimildir

Equality Now. (e.d.). *Child Marriage Factsheet*. Sótt 29. september 2013 frá Equality Now: <http://www.equalitynow.org/node/868>

Plan International. (e.d.). *Because I am a Girl*. Sótt 29. september 2013 frá Plan International: <http://plan-international.org/girls/child-marriage.php>

Plan International. (e.d.). *Early and forced marriage - facts, figures and what you can do*. Sótt 29. september 2013 frá Plan International: <http://www.plan-uk.org/early-and-forced-marriage/>

Rigby, B. (28. maí 2013). *The burden of being a child bride in Vietnam*. Sótt 29. september 2013 frá Girls Voices: <http://www.girlsnotbrides.org/girls-voices/the-burden-of-being-a-child-bride-in-vietnam/>

Salopek, P. (12. desember 2004). *From Child to Bride: Early marriage survives in the U.S.* Sótt 29. september 2013 frá Chicago Tribune: <http://www.chicagotribune.com/news/local/chi-0412120359dec12,0,2045063.story>

UNFPA. (e.d.). *End Child Marriage – their rights, their lives*. Sótt 29. september 2013 frá UNFPA: <http://unfpa.org/endchildmarriage>

UNICEF. (21. desember 2012). *Child protection from violence, exploitation and abuse. Child marriage*. Sótt 29. september 2013 frá UNICEF: http://www.unicef.org/protection/57929_58008.html

World Health Organization. (7. mars 2013). *Child marriages: 39,000 every day*. Sótt 29. september 2013 frá WHO Media centre: http://www.who.int/mediacentre/news/releases/2013/child_marriage_20130307/en/

Kristín og Einar / Ást og kynlíf

Kynhvöt barnanna byrjar að öllu jöfnu að vakna á þeim aldri sem þau eru á miðstigi. Fyrir hjá sumum og síðar hjá öðrum. Sum eru óviss um kynhneigð sína. Það skiptir gríðarlegu máli að uppræta staðalmyndir af kynhneigð til að koma í veg fyrir að nemendur þroski með sér gamaldags ranghugmyndir og fordóma.

Rannsóknir sýna að börnin reyna oft að svala forvitni sinni um kynhegðun og kynlíf á netinu og lenda því oft en ekki á klámsíðum. Sístækkandi hópur drengja, allt niður í ellefu ára, horfir daglega á klám og á jafnvel á hættu að ánetjast því.

Klámið er ekki einangrað við tölvurnar heldur hefur það smitast út í samfélagið á margan hátt. Framleiðendur efnisins eru áhrifamikið fólk sem kemur líka að margskonar annarri framleiðslu. Við framleiðslu á bíó- og sjónvarpsmyndum, tónlistarmyndböndum og auglýsingum er sífellt verið að þrýsta á þolmörkin til að vekja sem mesta athygli og þá er gjarnan klám eða tilvisanir í það nýttar til þess. Þannig hefur klámvæðingin náð að smeygja sér inn í okkar daglega líf með einum eða öðrum hætti.

Í dag kippum við okkur orðið lítið eða ekkert upp við myndir í miðlum sem hefðu aldrei fengið að sjást fyrir nokkrum árum síðan, nema þá helst í klámblaði. Um leið verður sjálft klámið grófara og ofbeldisfyllra.

Hlutgering (e. objectification)

Með hlutgeringu eru mannlegir eiginleikar einstaklings gerðir að engu og hann verður að hlut eða viljalausu verkfæri til að uppfylla þarfir annarra. Hlutgerði einstaklingurinn er yfirleitt kona. Hlutgervingar eru augljósastar í auglýsingum og afþreyingarefni.

Nokkur einkenni hlutgeringar:

- Hlutgerðum einstaklingi má auðveldlega skipta út fyrir aðra hluti eða hlutgerða einstaklinga.
- Komið er fram við einstaklinginn sem ósjálfstæðan eða ósjálfráða.
- Eðlileg mörk einstaklingsins eru ekki virt.
- Ekki er tekið tillit til tilfinninga einstaklingsins eða jafnvel látið eins og þær séu ekki til staðar.
- Gert er ráð fyrir að einstaklinginn skorti frumkvæði og hann sé óvirkur.
- Einstaklingurinn er eign annarra og getur jafnvel gengið kaupum og sölum.
- Gildi einstaklingsins einskorðast við líkama hans eða líkamshluta og er beintengt útliti hans.
- Rödd einstaklingsins er þögguð eða hann skortir hæfni til að tjá sig.
- Tilgangur einstaklingsins er að uppfylla þarfir annarra.



Hlutgeringar í auglýsingum

Klámvæðing (e. pornification)

Klámvæðing er hugtak sem notað er til að lýsa því þegar klám og vísanir í myndmál, táknmyndir og orðfæri kláms eru notaðar í okkar daglega umhverfi. Klámvæðingin birtist víða til dæmis í auglýsingum, tónlistarmyndböndum, kvikmyndum og tísku. Þetta hefur leitt til þess að klámfengið efni hefur orðið sýnilegt og smeygt sér inn í hið daglega líf. Smátt og smátt hefur þetta aukið umburðarlyndi almennings gagnvart slíku efni sem er orðið samþykkt og jafnvel dád menningarlegt fyrirbæri (jafnretti.is).

Hugmyndir að verkefnum

- Safnið blöðum og tímaritum í eina til tvær vikur, jafnt innlendum sem erlendum. Bekknum er skipt í hópa og fær hver hópur nokkur eintök. Verkefnið er að skoða myndefnið sem birtist í blöðunum eða tímaritunum og klippa út það sem nemendur tengja við klámvæðingu. Dæmi: Auglýsingar sem sýna nekt eða kynferðislegar stellingar, fatnaður eða svipbrigði. Hópar greina frá niðurstöðum og þær eru ræddar.
- Heiti potturinn. Kennarinn býður nemendum að skrifa spurningar á blað um hvaðeina sem þeir vilja vita í sambandi við kynferðismál, kynlíf og klám og stinga í kassa eða annað ílát með rifu á. Safna mætti spurningum í ákveðinn tíma og gera svo ráð fyrir að þeim sé svarað í tíma í framhaldi af því.
- Til að auðvelda nemendum að átta sig á klámi og fordæma það má biðja þá að skrifa svar við spurningunni: Hvað er klám? á einn miða og svar við spurningunni: Hvað er slæmt við klám? á annan miða. Þeir koma upp og festa upp miðana í hvorum flokki. Niðurstöðurnar eru ræddar og ranghugmyndir leiðréttar ef þurfa þykir. Síðan má fara í leik þar sem nemendur fá hver sína blöðru og spotta. Blöðurnar eru blásnar upp og nemendur skrifa það sem þeim finnst slæmt við klám á sína blöðru. Því næst binda þeir blöðruna við annan ökkilann og „traðka“ á klámi með því að reyna að sprengja blöðurnar hver fyrir öðrum.
- Þjóða mætti foreldrum upp á fræðslukvöld, án barnanna, þar sem rætt væri um skaðleg áhrif kláms á börn. Á síðunni Stop Porn Culture (<http://stoppornculture.org/>) er tilbúinn fyrirlestur og glærusýning sem mætti nýta. Fyrirlesturinn er vistaður undir *Activism and Projects* og er á undirsíðunni *Become a Speaker*. Á síðunni er hægt að velja á milli þriggja fyrirlestra. Þeir eru á ensku en það ætti að vera fljótgert að snara einum þeirra yfir á íslensku. Þá mætti jafnvel athuga að leita til fyrirlesara s.s. kynlífsfræðings, sérfræðings í netöryggismálum barna, kynjafræðings eða jafnréttisfulltrúa.
- Ítarefni fyrir kennarann: í möppunni *Jafnretti Kolbrun Björnsdóttir* á YouTube eru nokkur myndbönd sem fjalla um hlutgervingu og klámvæðingu.

Heimildir

Brynhildur Björnsdóttir, Páll Óskar Hjálmtýsson, Þórdís Elva Þorvaldsdóttir. (2012). *Fáðu já!* Sótt 5. október 2013 frá Fáðu já: <http://faduja.is/>

Daubney, M. (25. september 2013). *Experiment that convinced me online porn is the most pernicious threat facing children today*. Sótt 5. október 2013 frá The Daily Mail: <http://www.dailymail.co.uk/femail/article-2432591/Porn-pernicious-threat-facing-children-today-By-ex-lads-mag-editor-MARTIN-DAUBNEY.html>

Dines, G. (án dags.). Heimasíða Gail Dines. Sótt 5. október 2013 frá: <http://gaildines.com/>

Duell, M. (8. janúar 2013). *“F**k this life*. Sótt 5. október 2013 frá The Daily Mail: <http://www.dailymail.co.uk/news/article-2259202/Chevonea-Kendall-Bryan-Schoolgirl-13-plunged-60ft-death-rumours-sex-video.html>

Flin, R. (26. september 2013). *Modeling Consent*. Sótt 5. október 2013 frá Disrupting Dinner Parties: <http://disruptingdinnerparties.com/2013/09/26/modeling-consent/>

Jafnréttisstofa. (e.d.). *Orðabók jafnréttisstofu*. Sótt 26. janúar 2014 frá Jafnréttisstofu: <http://jafnretti.is/jafnretti/?D10cID=Page3&ID=37>

Moreton, C. (27. janúar 2013). *Children and the culture of pornography: "Boys will ask you every day until you say yes."* Sótt 5. október 2013 frá The Telegraph: <http://www.telegraph.co.uk/women/sex/9828589/Children-and-the-culture-of-pornography-Boys-will-ask-you-every-day-until-you-say-yes.html>

Papadaki, E. (Lina). (2012). "Feminist Perspectives on Objectification", *The Stanford Encyclopedia of Philosophy* Edward N. Zalta (ed.), <http://plato.stanford.edu/archives/win2012/entries/feminism-objectification/>.

Stop Porn Culture. (2013). *Stop Porn Culture*. Sótt 5. október 2013 frá Stop Porn Culture: <http://stoppornculture.org/>

Wilson, G. (16. maí 2012). *The Great Porn Experiment*. Sótt 5. október 2013 frá TEDxTalks: <http://www.youtube.com/watch?v=wSF82AwSDiU>